



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar

nr. 3/2011

um breytingar á viðmiðunartilboðum Símans á smásöllumarkaði fyrir lágmarksframboð á leigulínum (markaður 7), á heildsöllumarkaði fyrir lúkningarhluta leigulína (markaður 13) og á heildsöllumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14)

1 Inngangur 6

1.1	Kvaðir á smásöllumarkaði fyrir lágmarksframboð á leigulínum.....	6
1.2	Kvaðir á heildsöllumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína	7
1.3	Kvaðir á heildsöllumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína	8
1.4	Viðmiðunartilboð Símans vegna lágmarksframboðs á leigulínum, (markaðir 7,13 og 14)	9
2	Meginefni viðmiðunartilboðana	10
2.1	Almennar athugasemdir hagsmunaaðila.....	10
2.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	10
2.2.1	Um birtingu viðmiðunartilboðs	10
2.2.2	Um kostnaðartengda gjaldskrá	11
3	Athugasemdir við viðmiðunartilboð/þjónustusamning Símans um leigulínur í smásölu, útgáfa 1.0, dags. 21. ágúst 2009	12
3.1	Stofnkostnaður, kafli 4	12
3.1.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	12
3.1.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	12
3.2	Breytingar á verðskrá, kafli 6	13
3.2.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	13
3.2.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	13
3.3	Ábyrgðartakmarkanir, kafli 12	13
3.3.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	13
3.3.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	13
4	Athugasemdir við viðmiðunartilboð Símans um lúkningarluta leigulína, útgáfa 1.0, dags. 21. ágúst 2009	14
4.1	Breytingar á samningi, kafli 1.4.	14
4.1.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	14
4.1.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	15
4.2	Tæknilegir skilmálar og hæfi, kafli 2.5	15
4.2.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	15
4.2.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	16
4.3	Verðmyndun, kafli 3.1.....	16
4.3.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	16
4.3.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	17
4.4	Verðbreytingar, kafli 3.2.3	17
4.4.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	17
4.4.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	18

4.5	Gjaldfrestur, kafli 4.2.2	18
4.5.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	18
4.5.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	18
4.6	Greiðsluábyrgð, kafli 4.2.3.....	18
4.6.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	19
4.6.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	19
4.7	Vanefndir sem teljast verulegar ef ekki eru gerðar úrbætur þrátt fyrir áskorun Símans, kafli 5.1.4. 20	
4.7.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	20
4.7.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	20
4.8	Takmörkun ábyrgðar, kafli 6.....	21
4.8.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	21
4.8.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	21
4.9	Sérstakt ákvæði, kafli 8.2.2	21
4.9.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	21
4.9.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	22
4.10	Greiðslutrygging, kafli 10	22
4.10.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	22
4.10.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	23
4.11	Viðauki 2 Tækniskilmálar, almennt, kafli 2.1	23
4.11.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	23
4.11.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	24
4.12	Viðauki 2. ábyrgð viðsemjanda og viðurlög, kafli 2.2.	24
4.12.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	24
4.12.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	24
4.13	Viðauki 3, pantanir, kafli 2.....	25
4.13.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	25
4.13.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	25
5	Viðmiðunartilboð Símans um IP/ATM-stofnlínur (útgáfa 1.0, 21. ágúst 2009)	25
5.1	Almennt.....	25
5.1.1	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	26
5.2	Breytingar á samningi, kafli 1.4	28
5.2.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	28
5.2.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	28

5.3	Áætlanir, kafli 2.5.....	29
5.3.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	29
5.3.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	30
5.4	Tæknilegir skilmálar, kafli 2.7	30
5.4.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	30
5.4.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	31
5.5	Verðmyndun kafli 3.1.....	31
5.5.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	31
5.5.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	32
5.6	Gjaldfærsla þjónustu, kafli 4.1.2.....	32
5.6.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	32
5.6.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	32
5.7	Gjaldfrestur, kafli 4.2.2	33
5.7.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	33
5.7.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	33
5.8	Greiðsluábyrgð, kafli 4.2.3.....	33
5.8.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	33
5.8.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	34
5.9	Sérstakt ákvæði, kafli 8.2.2	34
5.9.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	34
5.9.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	35
5.10	Viðauki 1-Verðskrá fyrir IP/ATM-stofnlínur Símans	35
5.10.1	Um gjaldskrá fyrir IP/ATM stofnlínur	35
5.11	Viðauki 2, fyrirvari um bandvídd IP/ATM stofnlína, kafli 2.3.	36
5.11.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	36
5.11.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	37
5.12	Viðauki 2 (tækniskilmálar), fyrirvari um staðsetningu IP/ATM-hnútpunkta og tiltæka bandvídd, kafli 2.4.....	37
5.12.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	37
5.12.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	38
5.13	Viðauki 2. almennt, kafli 3.1.	38
5.13.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	38
5.14	Viðauki 3, þjónustustig Símans, pantanir, kafli 2.....	38
5.14.1	Athugasemdir hagsmunaaðila	38

5.14.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar	38
--------	---	----

1 Inngangur

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS) nr. 20/2007, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á smásöllumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum (markaður 7), heildsöllumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína (markaður 13) og heildsöllumarkaður fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14), voru Míla og Síminn útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á ofangreindum mörkuðum, Síminn á öllum ofangreindum mörkuðum og Míla á tveimur hinum síðarnefndu. Um er að ræða markaði samkvæmt eldri tilmælum ESA frá árinu 2004. Útnefning stofnunarinnar náði til landsins alls, þ.e. höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.

Með ákvörðun PFS voru eftirtaldar kvaðir lagðar á Símann:

1.1 Kvaðir á smásöllumarkaði fyrir lágmarksframboð á leigulínum

Aðgangur að leigulínum

Með ákvörðun PFS nr. 20/2007 var með heimild í 28. gr. og 33. gr. fjarskiptalaga lögð sú kvöð á Símann hf. að veita aðgang að þeim leigulínum sem taldar eru upp hér að neðan. Slíkur aðgangur skal standa til boða um allt land (markaður 7).

Það lágmarksframboð leigulína, sem Símanum er skylt að bjóða notendum er í samræmi við tilmæli ESA um lágmarksframboð leigulína á smásöllumarkaði og er takmarkað við hámarksafkastagetu 2 Mbit/s eins og fram kemur í 18. gr. alþjónustutillskipunar og VII. viðauka hennar.

Þær línur sem taldar eru upp í ákvörðun PFS eru eftirfarandi:

Línur fyrir gagnaflutning án endabúnaðar

- Grunnlína 2ja víra án endabúnaðar
- Grunnlína 4ja víra án endabúnaðar

Hliðrænar línur innan svæða

- Hliðræn lína, 2ja víra fyrir tal
- hliðræn lína, 4ja víra fyrir tal

Stafrænar línur á milli og innan símstöðvarsvæða með endabúnaði

- Stafræn lína 64 Kbita
- Stafræn lína 128 Kbita
- Stafræn lína 256 Kbita
- Stafræn lína 512 Kbita
- starfræn lína 2 Mbita

Rétt er að geta þess að allar þessar línur þarf Síminn að kaupa í heildsölu hjá Mílu og endurselja síðan til viðskiptavina sinna. Upplýsingar um núverandi gjaldskrá Símans má fá á heimasíðu fyrirtækisins.

Kvöð um jafnræði

Með heimild í 30. gr. og 33. gr. fjarskiptalaga var lögð sú kvöð á Símann hf. að gæta jafnræðis við sölu á leigulínum á smásöllumarkaði. Síminn skal veita öllum kaupendum á leigulínum þjónustu með sambærilegum skilmálum, verðum og gæðum. Síminn skal haga starfsemi sinni með þeim hætti að fyrirtækið haldi trúnað um upplýsingar sem fram koma við

sölu leigulína. Óheimilt er að afhenda öðrum upplýsingar um viðskipti við önnur fyrirtæki um væntanleg kaup þ.á.m. öðrum deildum fyrirtækisins, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum, sbr. 26. gr. fjarskiptalaga.

Kvöð um gagnsæi

Með heimild í 29. gr. og 33. gr. fjarskiptalaga var lögð kvöð á Símann hf., um gagnsæi og að útbúa og birta upplýsingar um gjaldskrá fyrir viðkomandi leigulínur, tæknilega eiginleika, afgreiðsluskilmála og birta bókhaldsupplýsingar fyrir leigulínusvið sitt.

Kvöð um eftirlit með gjaldskrá

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann hf. um eftirlit með gjaldskrá vegna leigulína. Síminn skal halda kostnaðarbókhald og gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði fyrir leigulínur í heildsölu samkvæmt sögulegum kostnaði. Gerð kostnaðarlíkans skal vera lokið innan eins árs frá birtingu ákvörðunar um viðkomandi markað. Til að Síminn geti sýnt fram á að gjaldskrá fyrir ákveðna tegund þjónustu eða vöru taki mið af kostnaði er nauðsynlegt að koma á fót kostnaðarbókhaldi sem fangar, ber kennsl á, metur og dreifir viðkomandi kostnaði á þær þjónustur eða vörur í samræmi við viðurkenndar reglur, þ.e. orsakasamhengi. Síminn skal afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi leigulínur og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði. Til að fylgjast með breytingum á gjaldskrá fyrir leigulínur setur PFS það skilyrði að allar breytingar á gjaldskrá Símans skuli vera tilkynntar til PFS og munu þær ekki öðlast gildi nema með fyrirfram samþykki PFS.

1.2 Kvaðir á heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína

Með ákvörðun PFS nr. 20/2007 voru eftirfarandi kvaðir lagðar á Símann á heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína (markaður 13).

Eftirfarandi leigulínur falla undir viðkomandi markað:

IP-MPLS, með eftirfarandi flutningshröðum, 256 kb/s, 512 kb/s, 2 Mb/s, 4 Mb/s, 6 Mb/s 10 Mb/s og 100 Mb/s.

Frame Relay, með eftirfarandi flutningshröðum, 64 kb/s, 128 kb/s, 256 kb/s 512 kb/s, 1 Mb/s, 2 Mb/s.

Ethernet, með eftirfarandi flutningshröðum, 2 Mb/s, 4 Mb/s, 6 Mb/s, 8 Mb/s, 10 Mb/s, 20 Mb/s, 48 Mb/s og 100 Mb/s.

SDH/PDH, einnig hliðrænar línur (hefðbundnar línur), með eftirfarandi flutningshröðum, 64 kb/s, 128 kb/s, 256 kb/s 512 kb/s, 2 Mb/s, 155 Mb/s og 622 Mb/s.

Svartur ljósleiðari, flutningshraði óskilgreindur.

Kvöð um að veita aðgang að leigulínuneti

Með heimild í 28. gr. og 33. gr. fjarskiptalaga er lögð sú kvöð á Síman og Mílu, um að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang fyrir lúkningarluta leigulína og þjónustu á heildsölustigi. Fyrirtækin skulu m.a. verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um samnýtingu eða samhýsingu, aðgang til endursölu og opinn aðgang að tæknisniðflötum, samskiptareglum og annarri tækni, og samtenginu neta. Samningum um aðgang og

samtenginu við leigulínunet Símans og Mílu skal ljúka innan eðlilegra tímamarka og án óþarfrar tafar.

Kvöð um jafnræði

Með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga var lögð sú kvöð á Síman og Mílu um að gæta jafnræðis á heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulínu, bæði hvað varðar verð og önnur skilyrði s.s. framboði á hröðum, flutningsmiðlum og samskiptareglum.

Kvöð um gagnsæi

Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga var lögð kvöð á Símann og Mílu um gagnsæi. Fyrirtækin skulu útbúa og birta viðmiðunartilboð fyrir samtengingu leigulína og upplýsingar um aðgang að lúkningarluta leigulína í heildsölu, þ.á.m. gjaldskrá, tæknilega eiginleika og afgreiðsluskilmála.

Kvöð um eftirlit með gjaldskrá

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann hf. um eftirlit með gjaldskrá vegna leigulína. Síminn skal halda kostnaðarbókhald og gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði fyrir leigulínur í heildsölu samkvæmt sögulegum kostnaði. Gerð kostnaðarlíkans skal vera lokið innan eins árs frá birtingu ákvörðunar um viðkomandi markað. Til að Síminn geti sýnt fram á að gjaldskrá fyrir ákveðna tegund þjónustu eða vöru taki mið af kostnaði er nauðsynlegt að koma á fót kostnaðarbókhaldi sem fangar, ber kennsl á, metur og dreifir viðkomandi kostnaði á þær þjónustur eða vörur í samræmi við viðurkenndar reglur, þ.e. orsakasamhengi. Síminn skal afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi leigulínur og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði. Til að fylgjast með breytingum á gjaldskrá fyrir leigulínur setur PFS það skilyrði að allar breytingar á gjaldskrá Símans skuli vera tilkynntar til PFS og munu þær ekki öðlast gildi nema með fyrirfram samþykki PFS.

1.3 Kvaðir á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína

Með ákvörðun PFS nr. 20/2007 voru eftirfarandi kvaðir lagðar á Símann hf. og Mílu, á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14).

Eftirfarandi leigulínur falla undir viðkomandi markaði:

IP-MPLS, með eftirfarandi flutningshröðum, 256 kb/s, 512 kb/s, 2 Mb/s, 4 Mb/s, 6 Mb/s 10 Mb/s og 100 Mb/s.

ATM, með eftirfarandi flutningshröðum, 2 Mbit/s upp í 155 Mbit/s.

Ethernet, með eftirfarandi flutningshröðum, 2 Mb/s, 4 Mb/s, 6 Mb/s, 8 Mb/s, 10 Mb/s, 20 Mb/s, 48 Mb/s og 100 Mb/s.

SDH/PDH, einnig hliðrænar línur (hefðbundnar línur), með eftirfarandi flutningshröðum, 64 kb/s, 128 kb/s, 256 kb/s 512 kb/s, 2 Mb/s, 45 Mb/s, 155 Mb/s og 622 Mb/s.

DWDM, flutningshraði óskilgreindur

Svartur ljósleiðari, flutningshraði óskilgreindur.

Kvöð um að veita aðgang að leigulínuneti

Með heimild í 28. gr. og 33. gr. fjarskiptalaga var lögð kvöð á Símann og Mílu um að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að stofnlínuhluta leigulína og þjónustu á heildsölustigi, s.s. um samnýtingu eða samhýsingu, aðgang til endursölu, opinn aðgang að tæknisniðflötum, samskiptareglum og annarri tækni, og samtengingu neta.

Kvöð um jafnræði

Með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga var lögð sú kvöð á Síman og Mílu um að gæta jafnræðis á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína, bæði hvað varðar verð og önnur skilyrði.

Kvöð um gagnsæi

Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga var lögð sú kvöð á Símann og Mílu um gagnsæi. Síminn og Míla skulu útbúa og birta viðmiðunartilboð fyrir samtenginu leigulína og upplýsingar um aðgang að stofnlínuhluta leigulína í heildsölu, þ.á.m. um gjaldskrá, tæknilega eiginleika og afgreiðsluskilmála.

Kvöð um eftirlit með gjaldskrá

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann hf. um eftirlit með gjaldskrá vegna leigulína. Síminn skal halda kostnaðarbókhald og gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði fyrir leigulínur í heildsölu samkvæmt sögulegum kostnaði. Gerð kostnaðarlíkans skal vera lokið innan eins árs frá birtingu ákvörðunar um viðkomandi markað. Til að Síminn geti sýnt fram á að gjaldskrá fyrir ákveðna tegund þjónustu eða vöru taki mið af kostnaði er nauðsynlegt að koma á fót kostnaðarbókhaldi sem fangar, ber kennsl á, metur og dreifir viðkomandi kostnaði á þær þjónustur eða vörur í samræmi við viðurkenndar reglur, þ.e. orsakasambandi. Síminn skal afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi leigulínur og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði. Til að fylgjast með breytingum á gjaldskrá fyrir leigulínur setur PFS það skilyrði að allar breytingar á gjaldskrá Símans skuli vera tilkynntar til PFS og munu þær ekki öðlast gildi nema með fyrirfram samþykki PFS.

1.4 Viðmiðunartilboð Símans vegna lágmarksframboðs á leigulínunum, (markaðir 7,13 og 14)

Í samræmi við þá gagnsæiskvöð, sbr. 29. gr. fjarskiptalaga, sem lögð var á Símann með ákvörðun PFS, hefur Síminn birt viðmiðunartilboð fyrirtækisins á umræddum mörkuðum. .

Með bréfi PFS til hagsmunadila, dags. 6. nóvember 2009, óskaði stofnunin eftir því, áður en hún tæki afstöðu til þess hvort að birt viðmiðunartilboð uppfylltu þær kvaðir sem getið er um hér að ofan, sem og þess hvort þau samrýmdust ákvæðum fjarskiptalaga að öðru leyti, að fjarskiptafyrirtækin kæmu á framfæri hugsanlegum athugasemdum við viðmiðunartilboðin. . Jafnframt tilkynnti stofnunin að öll verð hefðu verið afmáð úr viðmiðunartilboðunum þar sem um þau yrði fjallað í sérstöku máli.

Athugasemdir við viðmiðunartilboð Símans bárust frá Og fjarskiptum ehf. (Vodafone) og IP-fjarskiptum ehf. (Tal).

Með bréfi PFS, dags. 30. desember 2009, til Skipta var óskað eftir umsögn Símans við framkomnar athugasemdir. Umsögn Símans barst síðan með bréfi, dags. 27. janúar 2010.

Í kafla 2 verður vikið að almennum athugasemdum fjarskiptafyrirtækjanna sem eiga við um öll viðmiðunartilboð Símans. Þá verður einnig vikið að ýmsum öðrum efnisatriðum eins og

kostnaðargreiningu Símans. Í kafla 3 verðu fjallað um þjónustusamning Símans fyrir leigulínur í smásölu. Í kafla 4 verður fjallað um lúkningarluta leigulína (markaður 13) og í kafla 5 verður fjallað um viðmiðunartilboð fyrir IP/ATM-stofnlínur (markaður 14).

2 Meginefni viðmiðunartilboðana

2.1 Almennar athugasemdir hagsmunaaðila

Í almennum athugasemdum Vodafone er m.a. vikið að því að með ákvörðun PFS nr. 20/2007, hafi Síminn verið útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð á leigulínunum (markaður 7) og Síminn og Míla útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína (markaður 13) og heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína (markaður 14) bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Á fyrirtækið hafi verið lagðar ýmsar kvaðir m.a. um að útbúa og birta viðmiðunartilboð, skylda til að birta ákveðna upplýsingar varðandi leigulínur í smásölu, þ.á.m. gjaldskrá, tæknilega eiginleika og grunnkröfufatakmarkanir, skilmála um afhendingu og notkun, tengingu notendabúnaðar og afgreiðsluskilmála.

Síðan segir Vodafone:

Þrátt fyrir að framangreindar kvaðir kveði ekki á um að birta skuli viðmiðunartilboð og umræddar upplýsingar fyrir ákveðinn tíma þá verður að telja að rúm 2 ár séu alltof langur tími. Að mati Vodafone er engan veginn ásættanlegt að Símanum og Mílu sé gert kleift að draga það úr hófi að birta umræddar upplýsingar. Þessi óhóflega töf er eingöngu til þess fallin að gera Símanum og Mílu kleift að viðhalda þeim aðgangshindrunum sem eru á viðkomandi mörkuðum og draga úr samkeppni frá öðrum fjarskiptafyrirtækjum. Þar að auki vantar öll verð með viðmiðunartilboði Mílu og viðmiðunartilboði Símans um IP/ATM- stofnlínur sem gerir það að verkum að fjarskiptafyrirtæki þurfi að bíða ennþá lengur eftir þessum viðmiðunartilboðum í endanlegri mynd. Vodafone telur þetta ámælisvert og engan veginn í samræmi við þær kvaðir sem lagðar voru á félögin né þær skyldur sem hvíla á PFS um að stuðla að samkeppni og vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum, aðstöðu og þjónustu sbr. 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Þá er þessi óhóflegi dráttur ekki til þess fallinn að koma á þeim úrræðum sem greining á samkeppni á fjarskiptamörkuðum á álagning kvaða á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk skv. fjarskiptalögum er ætlað að tryggja.

Vodafone bendir á að verð fyrir aðgang er einn mikilvægasti hluti þeirra upplýsinga sem fjarskiptafyrirtæki þurfa til þess að taka afstöðu til viðmiðunartilboðs um tiltekna þjónustu. Miðað við þann tíma sem það hefur tekið að birta framangreind viðmiðunartilboð þá er það alveg óásættanlegt að verð með umræddum viðmiðunartilboðum liggi ekki enn fyrir. Vodafone gerir þá kröfu að umrædd verð verði lögð fram til samráðs án tafar.

Engar almennar athugasemdir er að finna í bréfi Símans, dags 27. janúar 2010.

2.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

2.2.1 Um birtingu viðmiðunartilboðs

PFS getur tekið undir með Vodafone að of langur tími er liðinn frá því að umræddar kvaðir voru lagðar á Mílu og Símann og til þess tíma að viðmiðunartilboð fyrirtækjanna eru staðfest með ákvörðun þessari. Í framtíðinni mun verða leitast við að flýta því ferli sem viðhafa þarf þegar kemur að yfirferð viðmiðunartilboða eftir því sem kostur er.

Með uppskiptingu Símans í Mílu og Símann myndaðist nokkuð sérstakt ástand að því er varðaði markaði fyrir leigulínur. Fyrir uppskiptingu fyrirtækisins var það fyrirtækið Síminn

sem þar þessar skyldur og birti fyrirtækið leigulínugjaldskrá ásamt skilmálum. Með ákvörðun PFS nr. 20/2007 var þessu skyldum skipt upp á milli Mílu og Símans.

2.2.2 Um kostnaðartengda gjaldskrá

Sérstakt mál er til meðferðar hjá PFS varðandi yfirferð á kostnaðarlíkani Símans vegna þeirra gjaldskráa fyrirtækisins sem falla undir markað 7, 13 og 14. Það mál tengist því máli sem hér er til umfjöllunar með óbeinum hætti enda eru verð fyrir aðgang hluti af þeim viðmiðunartilboðum um leigulínur sem hér eru til umfjöllunar. Ljóst er þó að ný verð taka ekki gildi fyrr en þau hafa verið samþykkt af PFS. Að mati PFS er óhætt að fjalla um skilmála fyrir aðganginn, þ.e. viðmiðunartilboðið í sérstöku máli og ljúka því áður en verðskráin er samþykkt, en stofnunin mun tryggja að samræmis verði gætt á milli forsendna aðgangsins og ákvörðunar um verðlagningu fyrir hann.

Með bréfi Símans, dags. 24. mars 2009, barst PFS skýrsla Analysys Mason (dags 23. mars 2009) um kostnaðargreint verð á markaði 14. Engar upplýsingar bárust hins vegar vegna markaða 7 og 13. Sú skýring var gefin af hálfu Símans að fyrirtækið starfaði ekki á viðkomandi mörkuðum heldur afhenti þjónustu Mílu óbreytta.

Með bréfi PFS, dags. 4. júní 2010, kallaði stofnunin eftir kostnaðargreiningu fyrir lúkningarhlutann (M13) og smásöluhlutann (M7). Á markaði 7 skyldi Síminn gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði fyrir leigulínur í smásölu samkvæmt sögulegum kostnaði, sem sýndi fram á að gjaldskrá sem tengdist vöruframboði félagsins á viðkomandi markaði miðist við kostnað ásamt hæfilegum hagnaði. Á markaði 13 skyldi Síminn útbúa heildsölugjaldskrá samkvæmt sögulegum kostnaði, sem sýndi fram á að gjaldskrá sem tengdist vöruframboði félagsins á viðkomandi markaði (IP-MPLS og Frame Relay) miðist við kostnað ásamt hæfilegum hagnaði.

Um það sjónarmið Símans að fyrirtækið starfaði ekki á mörkuðum 13 og 14 sagði PFS m.a.:

PFS bendir á að kvaðir eru lagðar á í kjölfar markaðsgreiningar sem ljúka með formlegri ákvörðun í kjölfar vandaðrar málsmeðferðar og samráðs, m.a. við markaðsaðila og ESA. PFS er því óheimilt að fella niður kvaðir nema með ákvörðun í kjölfar nýrrar markaðsgreiningar. Því standa þær kvaðir sem lagðar hafa verið á Símann þar til ný ákvörðun hefur verið tekin um niðurfellingu þeirra. Sjónarmið ráðgjafarfyrirtækja haggja ekki formlegum ákvörðunum PFS.

Síðan segir:

Síminn heldur því fram að kvaðir hafi fallið niður á mörkuðum 7 og 13 vegna fyrirtækjaaðskilnaðarins sem fram fór snemma árs 2007. Því er til að svara að frá því að drög að ákvörðun um markaði 7, 13 og 14 voru tilkynnt ESA var gerð skipulagsbreyting á Símanum sem hafði ákveðin áhrif á niðurstöðu greiningar á viðkomandi mörkuðum. Því taldi PFS nauðsynlegt að upplýst yrði með skýrum hætti hvaða félag eða félög veittu þá þjónustu sem féllu undir viðkomandi markaði. Óskað var eftir umræddum gögnum með tveimur bréfum til Símans en svörin reyndust ófullnægjandi. Því ákvað PFS að senda Símanum bréf þar sem fyrirhuguð ákvörðun var boðuð með tilliti til áðurgreindra skipulagsbreytinga. Athugasemdir bárust frá Símanum þar sem fram kom að bæði félögin veittu þjónustu á leigulínumörkuðum. Nánar tiltekið veitti Síminn smásöluþjónustu á markaði 7, IP-MPLS þjónustu á mörkuðum 13 og 14, Frame Relay þjónustu á markaði 13 og ATM þjónustu á markaði 14. Endanleg ákvörðun PFS á umræddum mörkuðum, sem tekin var þann 14. september 2007, byggði á þessum upplýsingum frá Símanum.

Þann 21. ágúst 2009, sendi Síminn PFS og birti á heimasíðu sinni viðmiðunartilboð fyrir ofangreinda markaði. Að því er varðaði kostnaðargreiningu á mörkuðum 7 og 13 þá taldi Síminn að kostnaðargreining væri ómöguleg þar sem verðskráin byggði á leigulínugjaldskrá Mílu að viðbætti álagningu fyrir umsýslu. PFS hefur fallist á það með Símanum að ekki séu forsendur fyrir því að Síminn skili inn kostnaðargreiningu fyrir markaði 7 og 13 fyrr en yfirferð PFS á kostnaðarútreikningum Mílu á mörkuðum 13 og 14 er lokið.

Hins vegar voru útreikningar Analysys Mason á verðskrá fyrir IP/ATM- stofnlínur Símans birtir þann 1. ágúst 2010 og tók gjaldskráin gildi þann sama dag. Endanleg verð verða birt þegar niðurstaða PFS á kostnaðargreiningu Símans á markaði 14 liggur fyrir.

Með vísun til ofangreinds verður að telja að Síminn hafi uppfyllt þær skyldur að því er varðar birtingu gjaldskrár sem og framlagningu á kostnaðarútreikningum samkvæmt ákvörðun PFS nr. 20/2007, eins og hún verður skýrð.

3 Athugasemdir við viðmiðunartilboð/þjónustusamning Símans um leigulínur í smásölu, útgáfa 1.0, dags. 21. ágúst 2009

Hér á eftir verður fjallað um þá skilmála viðmiðunartilboðsins sem gerðar hafa verið athugasemdir um af hálfu markaðsaðila, auk þeirra skilmála sem PFS tók til skoðunar af eigin frumkvæði. Með öðrum orðum skoðast þeir skilmálar sem ekki er vikið að sérstaklega samþykktir af hálfu PFS að svo stöddu. PFS áskilur sér þó rétt til að endurskoða þá afstöðu síðar ef ástæða þykir til. Til hægðarauka verða viðkomandi ákvæði viðmiðunartilboðsins og viðauka þess tilgreind í upphafi umfjöllunar:

3.1 Stofnkostnaður, kafli 4

Stofnkostnaður vegna þjónustu sem talinn er upp í viðaukum 1 og 3 kann að verða felldur niður að einhverju leyti við undirritun samnings, enda sé þess getið sérstaklega í fyrrgreindum viðaukum. Greiðir þá þjónustukaupi einungis mánaðarleg gjöld samkvæmt viðaukum. Ljúki samningssambandi samningsaðila fyrir umsaminn tíma að frumkvæði þjónustukaupa, af hvaða ástæðu sem er eða vegna riftunar af hálfu þjónustusala í samræmi við ákvæði þessa samnings, skal þjónustukaupi greiða þjónustusala allan stofnkostnað í réttu hlutfalli við þann tíma sem eftir er af gildistíma samnings sbr. 18. grein. Gjaldldagi stofnkostnaðar af þessu tilefni skal vera tíu (10) dögum eftir að samningi aðila lýkur eða tilkynning um riftun er send.

3.1.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone telur nauðsynlegt að mælt sé einnig fyrir um ákveðinn eindaga og leggur til að hann verði um 12 dögum eftir gjaldldaga stofnkostnaðar.

3.1.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Hér er um markatilvik að ræða að því er varðar gjöld vegna stofnkostnaðar sem kann að verða felldur niður af einhverju leyti við undirritun samnings sem og hvernig eigi að fara með stofnkostanað ef samningssambandi aðila líkur fyrir umsaminn tíma. Samkvæmt almennum reglum er gjaldldagi það tímamark sem kröfuhafinn getur fyrst krafist skuldarann um efndir. Eindagi kröfu er oft notað um það tímamark sem líður frá gjaldldaga og er þá síðasti greiðsludagur skuldara án þess að um vanefnd sé að ræða af hans hálfu. Hvorki í fjarskiptalögum né í þeim kvöðum sem hvíla á Símanum er vikið sérstaklega að gjaldldaga

kröfu og/eða eindaga. Verður því að álíta að Síminn hafi um það nokkurt sjálfðæmi hvort að getið sé sérstaklega um eindaga kröfu. Með hliðsjón af því að hér er um nokkurskonar uppgjör að ræða á milli samningsaðila er samningssambandi líkur telur PFS að ekki sé sérstök þörf á að kveða á um eindaga kröfu.

3.2 Breytingar á verðskrá, kafli 6

Komi til almennra breytinga á verðskrá þjónustusala, getur hann breytt þjónustugjaldi sínu í samræmi við þær. Sé um breytingar til hækkunar að ræða skulu þær gilda frá og með næstu mánaðarmótum en breytingar til lækkunar skulu taka gildi um leið og hinar almennu breytingar taka gildi.

3.2.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone telur eðlilegt að Símanum verði gert skylt að tilkynna viðsemjendum sínum um hækkun á verðskrá með a.m.k. 60 daga fyrirvara áður en hækkun tekur gildi.

3.2.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Þar sem verðskrá Símans byggir að hluta til á verðskrá Mílu verður að ætla að 30 daga tilkynningarfrestur af hálfu Símans verði eins og hér stendur á að vera nægjanlegur enda ætti öllum aðilum á markaði að vera ljóst ef Míla hyggur á breytingar á sinni verðskrá, sbr. ákvörðun PFS nr. 2/2012 kafli 3.3.2. Ákvæðið skal því orðast með eftirfarandi hætti:

„Komi til almennra breytinga á verðskrá þjónustusala, getur hann breytt þjónustugjaldi sínu til hækkunar með a.m.k. 30 daga skriflegum fyrirvara. Breytingar til lækkunar skulu taka gildi um leið og hinar almennu breytingar taka gildi.“

3.3 Ábyrgðartakmarkanir, kafli 12

[...]

Bótaskylda þjónustusala í tengslum við samning þennan eða athafnir sem unnar eru í tengslum við samning þennan skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en 500.000 kr. samanlagt.

3.3.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone krefst þess að ákvæði um hámark bótaábyrgðar verði tekið út. Að mati Vodafone er ekki eðlilegt að viðsemjandi þurfi að sætta sig við takmarkaðar bætur, ef til þess kemur, einungis til þess að geta samið við Símann.

3.3.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Í 40. gr. fjarskiptalaga nr. 83/2003 er fjarskipafyrirtækjum heimilt í viðskiptaskilmálum sínum að undanþiggja sig bótaábyrgð sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæða. Ábyrgðartakmörkunin er þó bundin við að tjónið verði ekki rakið til stórfelldra mistaka starfsmanna fyrirtækisins.

Af ákvæðinu má sjá að réttur fjarskiptafyrirtækja til að takmarkabótaábyrgð sína vegna rekstur fjarskiptaneta er mjög víðtækur. Ef það myndi reyna á niðurlag 40. gr. þar sem segir að takmörkun sé bundin þeim fyrirvara að tjónið verði ekki rakið til stórfelldra mistaka starfsmann fyrirtækisins þá myndi slíkt mál verða rekið fyrir dómstólum landsins.

Með vísun til ofangreinds verður að telja að Síminn sé í fullum rétti til að takmarka hugsanlega bótaábyrgð sína með þeim hætti sem fram kemur í ákvæðinu.

4 Athugasemdir við viðmiðunartilboð Símans um lúkningarluta leigulína, útgáfa 1.0, dags. 21. ágúst 2009

4.1 Breytingar á samningi, kafli 1.4.

Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur milli Símans og viðsemjanda hans.

Geti viðsemjendur Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni viðmiðunartilboðs/samnings til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar. Hafi Póst- og fjarskiptastofnun ekki skorið úr ágreiningi aðila að þremur mánuðum liðnum frá birtingu tilboðs tekur það gildi gagnvart viðsemjanda. Síminn birtir „Viðmiðunartilboð um lúkningarluta leigulína“ á vef sínum.

4.1.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone bendir á að fyrirtækið hafi áður gert athugasemdir við það að Síminn geti einhliða gert breytingar á gildandi samningi með birtingu nýs viðmiðunartilboðs. Telur fyrirtækið að þetta sé í algjörri andstæðu við þá meginreglu að aðilar semji sín á milli um samtenginu með viðmiðunartilboð til hliðsjónar eftir atvikum. Þetta þýði að samningsaðilar Símans þurfi að gæta hagsmuna sinna gagnvart Símanum með því að gera athugasemdir til PFS sem oft leiði ekki til ásættanlegrar niðurstöðu. Símanum sé ekki einu sinni skylt að tilkynna samningsaðilum sínum um breytingarnar sem sé óskiljanlegt. Vodafone telur jafnframt óásættanlegt að Síminn geti mælt fyrir um að sá hluti viðmiðunartilboðsins sem viðsemjandi er ósáttur við taki gildi þremur mánuðum eftir birtingu hafi PFS ekki skorið úr ágreiningi.

Viðmiðunartilboð sé ekki samningur heldur tilboð um samning sem hafa á til viðmiðunar þegar aðilar eru að semja. Viðmiðunartilboð Símans geti ekki takmarkað rétt aðila til að semja við Símann. Síminn eins og önnur fyrirtæki eigi að semja um breytingar á gildandi samningum sínum við sína samningsaðila.

Vodafone fer því fram á það að ákvæðinu verði breytt á þann hátt að Síminn þurfi að tilkynna með sannarlegum hætti öllum sínum samningsaðilum að nýtt viðmiðunartilboð hafi verið birt. Viðmiðunartilboðið taki svo gildi þremur mánuðum eftir að slík tilkynning berst að því gefnum að það hafi verið borið undir PFS og álit þess liggja fyrir. Þá telur Vodafone nauðsynlegt að þeir þættir sem viðsemjandi Símans sættir sig ekki við og vill bera undir PFS taki ekki gildi fyrr en endanleg ákvörðun PFS um þann ágreining liggur fyrir, hvort sem það væri þremur mánuðum eftir birtingu eða síðar.

Tal gerir athugasemd við að ný umdeild samningsákvæði sem séu einhliða ákveðin af Símanum taki gildi ef Póst- og fjarskiptastofnun hafi ekki úrskurðað um þau innan þriggja mánaða. Deilumál af þessu tagi geti verið afar erfið og tímafrek og geti Síminn tafið málsmeðferð. Telur fyrirtækið að eðlilegra sé að umdeild ákvæði taki ekki gildi fyrr en PFS hafi tekið ákvörðun um hvort að þau samrýmist lögum.

Í bréfi Símans, dags. 27. janúar 2010, er fallist á að þessu ákvæði verði breytt til samræmis við sambærilegt ákvæði 1.4. í viðmiðunartilboði um sýndarnetsaðgang útg. 1.2-A - 01.01.2010, sbr. ákvörðun PFS nr. 20/2009.

4.1.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Póst- og fjarskiptastofnun hefur áður fjallað um með hvaða hætti standa eigi að breytingum á gildandi viðmiðunartilboðum. Í ákvörðun stofnunarinnar nr. 11/2009, sagði m.a. að viðmiðunartilboðum væri ætlað að skapa gagnsæi um kjör og ákveðinn grundvöll fyrir samningsgerð á milli aðila en að ekki ætti að þoka samningsfrelsi viðsemjanda. Þannig væri óheimilt að binda viðsemjendur einhliða með breyttum skilmálum í samningum án þeirra samþykkis eða uppsagnarfrests. Breytingar á viðmiðunartilboðum skyldi einnig tilkynna til PFS. Þá var því og slegið föstu að breytingar á ákvæðum viðmiðunartilboðs tækju því aðeins gildi að enginn ágreiningur væri um þær á milli fjarskiptafyrirtækjanna.¹ Niðurstaða PFS var efnilega sú sama í ákvörðun PFS nr. 20/2009.

Með vísun til ofangreinds, sbr. afstöðu Símans hér að ofan skal grein 1.4. orðast með sambærilegum hætti og í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta, sbr. ákvörðun PFS nr. 11/2009, sbr. viðmiðunartilboð Símans um sýndarnetsaðgang, sbr. ákvörðun PFS nr. 20/2009.

„Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent viðsemjanda og Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um lúkningarluta leigulína milli Símans og viðsemjanda hans.

Geti viðsemjandi Símans ekki felld sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreining um efni viðmiðunartilboðs um lúkningarluta leigulína til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Síminn birtir „Viðmiðunartilboð um lúkningarluta leigulína“ á vef sínum.“

4.2 Tæknilegir skilmálar og hæfi, kafli 2.5

Fjarskiptabúnaður sem tengist kerfi Símans, skal vera með viðurkenningu um að uppfylla almenna staðla um fjarskiptabúnað. Tækniskilmálar sem búnaður þarf að uppfylla er samkvæmt viðauka 2.

Símanum er heimilt að krefjast þess að viðsemjandi leggi fram gögn er staðfesti, að þeir sem eiga að sjá um viðhald og rekstur búnaðar sem getur haft áhrif á fjarskiptabúnað gagnaðila hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli almennar öryggiskröfur.

Nú uppfyllir viðsemjandi ekki skilyrði skv. 1.-2 mgr. og getur Síminn þá hafnað tengingu við búnað viðsemjanda að öllu leyti eða hluta.

4.2.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone telur nauðsynlegt að ákvæðið verði skilgreint frekar þar sem orðalag þess sé með þeim hætti að Síminn gæti með auðveldum hætti hafnað að veita aðgang með vísan til þess að

¹ Sjá kafla 3.2.2. í ákvörðun PFS nr. 11/2009.

búnaður eða færni tæknimanna viðsemjanda sé ekki fullnægjandi og uppfylli ekki almennar öryggiskröfur. Vodafone fer því fram á að PFS geri nauðsynlegar breytingar á ákvæðinu þannig að réttur þeirra fjarskiptafyrirtækja sem vilja kaupa aðgang að lúkningarluta leigulína af Símanum sé tryggður.

Í athugasemdum Símans kemur fram að fyrirtækið kappkosti að halda öruggum rekstri á kerfum sínum og að útföll vegna bilana séu í lágmarki. Byggist það ekki síst á því að búnaður sé af viðurkenndri gerð og uppfylli staðla. Jafnframt geri Síminn kröfu til þess að þeir starfsmenn sem vinni við kerfi Símans hafi til þess nauðsynlega menntun og hafi jafnframt fengið þjálfun til þeirra starfa.

Síminn telji umrætt ákvæði sanngjarnt og eðlilegt. Þar sé gert ráð fyrir að viðsemjendur uppfylli sambærilegar skyldur, þannig að komið sé í veg fyrir bilanir eða aðrar rekstrartruflanir sem orðið geta á fjarskiptabúnaði Símans, vegna þess að ofangreind atriði séu ekki uppfyllt hjá viðsemjanda og vísar fyrirtækið til 59 og 67. gr. fjarskiptalaga máli sínu til stuðnings.

4.2.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Að mati PFS kemur orðalag ákvæðisins ekki í veg fyrir að viðsemjandi Símans geti vísað ágreiningi sem sprottin væri um þau atriði sem nefnd eru í ákvæðinu til Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 63/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Eðlilegt verður að telja að gerð sé krafa um að fylgt sé viðurkenndum stöðlum, sbr. 59. gr. fjarskiptalaga. Krafa um tæknilega færni þeirra starfsmanna sem vinna við fjarskiptanetið á sér einnig stoð í 67. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, sem er svo hljóðandi:

“Fjarskiptafyrirtæki skulu tryggja að starfsmenn þeirra sem vinna við uppsetningu og viðhald fjarskiptavirkja hafi fengið nauðsynlega þjálfun. Fjarskiptafyrirtæki skulu upplýsa starfsmenn sína um þær skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum. Samgönguráðherra getur sett reglugerð um hæfniskröfur til þeirra sem starfa við almenn fjarskiptavirki”

Með vísun til ofangreinds telur Póst- og fjarskiptastofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við grein 2.5 í viðmiðunartilboði Símans um tæknilega skilmála og hæfi.

4.3 Verðmyndun, kafli 3.1

Lúkningarluta leigulína er verðlagður samkvæmt viðauka 1, en tekur mið af gildandi verðskrá Mílu ehf. á hverjum tíma, að viðbættum umsýslukostnaði Símans. Viðsemjandi ber auk þess stofnkostnað af öllum viðbótarbúnaði sem Síminn leggur til, uppsetningu og vinnu við prófun og virkjun hans.

4.3.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone bendir á að í þessari grein sé gert ráð fyrir að viðsemjandi beri stofnkostnað af öllum viðbótarbúnaði sem Síminn leggi til, uppsetningu og vinnu við prófun og virkjun hans. Að mati Vodafone er nauðsynlegt að Síminn skilgreini það nánar hver sá kostnaður geti verið til að tryggt sé að viðsemjandi sé ekki látinn bera kostnað sem ætti með réttu að falla á Símann.

Í athugasemdum Tals er vikið að því að PFS hafi eftirlit með því að Síminn innheimti ekki óeðlilegan stofnkostnað.

Í svari Símans kemur fram að í viðmiðunartilboðinu komi fram að verðskráin taki mið af gildandi verðskrá Mílu ehf. á hverjum tíma, að viðbættum umsýslukostnaði. Jafnframt þurfi Síminn að innheimta fyrir kostnaði af viðbótarbúnaði, sem nauðsynlegur kunni að vera til að mæta óskum viðsemjanda, enda óeðlilegt að Síminn þurfi sjálfur að bera þann kostnað. Einnig telur Síminn vandséð hvernig skilgreina eigi nánar fyrirfram kostnað, sem sé breytilegur eftir því hvaða viðbótarbúnað viðsemjandi þurfi, og hve mikil vinna er við uppsetningu prófun og virkjun hans. Ljóst sé jafnframt að PFS hafi með hendi eftirlit með gjaldskrá fyrirtækisins og geri athugasemdir eftir því sem þurfa þykir.

4.3.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Verðskrá Símans að því er varðar lúkningarluta leigulína byggir á heildsöluverðskrá Mílu eins og fram kemur í viðmiðunartilboðinu. Að mati PFS er erfitt fyrir Símann að gefa skýrari leiðbeiningar en nú þegar koma fram í tilboðinu um hvaða kostnaður teljist til stofnkostnaðar, enda getur hann verið breytilegur eftir því hvaða viðbótarbúnaður sé nauðsynlegur í hverju tilviki fyrir sig. Með hliðsjón af því er ekki ástæða til að fallast á sjónarmið Vodafone um frekari skýringar á stofnkostnaði. Í þessu samhengi er einnig rétt að vekja athygli á 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun en telja verður að viðsemjendur Símans geti skotið hugsanlegum ágreiningi um stofnkostnað til Póst- og fjarskiptastofnunar til úrlausnar.

4.4 Verðbreytingar, kafli 3.2.3

Síminn getur gert verðbreytingar á lúkningarluta leigulína og annarri þjónustu skv. samningum til hækkunar eða lækkunar með a.m.k. 30 daga skriflegum fyrirvara. Undir slíkar breytingar flokkast þó eingöngu breytingar á umsömdum gjaldaliðum sem verið hafa í gildi og tilgreind í verðskrá Símans. Um nýja gjaldaliði eða aðrar efnisbreytingar skal fara skv. ákvæðum í gr. 1.4.

4.4.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone telur það hvorki eðlilegt né sanngjarnt að Síminn geti einhliða ákveðið að hækka verðskrá sína gagnvart viðsemjanda. Þetta ákvæði gengur jafnframt ekki upp þar sem fyrirfram samþykki PFS þarf fyrir hækkun á verðskrá þar sem á Símanum hvílir kvöð um eftirlit með gjaldskrá. Að auki telur Vodafone nauðsynlegt að félagið fái upplýsingar um fyrirhugða hækkun með a.m.k. 60 daga fyrirvara svo að félagið geti brugðist við ef hækkun Símans kallar á hækkun hjá Vodafone gagnvart viðskiptavinum sínum í ljósi þess að tilkynna þarf viðskiptavinum slíkar breytingar með a.m.k. mánaðar fyrirvara áður en þær taka gildi, sbr. 3. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga.

Í athugasemdum Tals kemur fram að fyrirtækið telur eðlilegra að tilkynnt skuli um verðbreytingar með 60 daga fyrirvara fremur en 30 daga og vísar í því sambandi til 60 daga fyrirvara sem er í viðmiðunartilboði fyrir stofnlínur.

Í athugasemdum Símans er bent á að verðskrá Mílu fyrir lúkningarluta leigulína geti tekið breytingum með 30 daga fyrirvara. Þar sem verðskrá Símans fyrir lúkningarluta leigulína, sé byggð á verðskrá Mílu og taki breytingum til samræmis við hana þurfi Síminn tíma til að aðlaga upplýsingarkerfi sín og tilkynna til viðskiptavina um slíkar breytingar. Þannig þurfi Síminn að, að óbreyttum skilmálum Mílu, miklu fremur að stytta þennan fyrirvara á verðbreytingum heldur en að lengja hann, ef Síminn á ekki að bera aukinn skaða af.

4.4.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Með ákvörðun PFS nr. 2/2011, sbr. kafli 3.2.1. var ákvæði Mílu í viðmiðunartilboði fyrirtækisins breytt með þeim hætti að nú þarf fyrirtækið að tilkynna verðbreytingar með 60 daga fyrirvara. Þar sem verðskrá Símans byggir að hluta til á verðskrá Mílu verður að ætla að 30 daga tilkynningarfræstur af hálfu Símans verði eins og hér stendur á að vera nægjanlegur enda ætti öllum aðilum á markaði að vera ljóst ef Míla hyggur á breytingar á sinni verðskrá.

Með vísun til ofangreinds er ekki ástæða til að lengja þann tilkynningarfræstur sem fram kemur í viðmiðunartilboðinu.

4.5 Gjaldfræstur, kafli 4.2.2

Reikningstímabil miðast við almanaks mánuð og er útgáfudagur reikninga í lok þess mánaðar.

Gjalddagi reikninga er 20 dögum eftir lok reikningstímabils og eindagi að jafnaði 2. dag næsta mánaðar þar á eftir. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags.

4.5.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone bendir á að það sé ekkert sem segi að eindagi í samtengisamningi þurfi að vera sá sami og sé í almennum viðskiptaskilmálum á smásölumarkaði. Telur fyrirtækið að eðlilegra sé og skynsamlegra að eindagi reikninga vegna kaupa á heildsöluþjónustu sé nokkrum dögum eftir eindaga reikninga fyrir smásöluþjónustu.

Í athugasemdum Símans er óskum Vodafone um lengri gjaldfræstur hafnað, gjaldfræsturinn sé sá sami og er í öðrum viðmiðunartilboðum Símans og PFS hafi ekki þótt hann óeðlilegur, sbr. ákvörðun PFS nr. 11/2009.

4.5.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Vegna athugasemdar Vodafone er rétt að taka fram að lúkningarluti leigulína (markaður 13) telst til heildsölumarkaða, en ekki smásölumarkaðs, eins og ráða má af athugasemd fyrirtækisins.

Með ákvörðun PFS nr. 11/2009 var sambærilegur skilmáli og hér er til umfjöllunar samþykktur af hálfu stofnunarinnar. Vísaði stofnunin m.a. til þess að engin ákvæði fjarskiptalaga tækju efnislega á álitamálinu og giltu því almennar kröfuréttarreglur. Þá hafi Vodafone ekki sýnt fram á að um óeðlilegan skilmála væri að ræða. Í viðmiðunartilboðum TDC í Danmörku væri t.d. miðað við að gjalddagi/eindagi sé 30 dögum eftir útgáfu reiknings.

Með vísun til ofangreinds verður ekki séð umræddur skilmáli sé á neinn hátt óeðlilegur.

4.6 Greiðsluábyrgð, kafli 4.2.3.

Síminn áskilur sér rétt til að krefjast þess að viðsemjandi láti í té greiðsluábyrgð sem samræmist fjárhæð sem nemur áætluðum mánaðargjöldum fyrir lúkningarluta leigulína viðsemjanda þrjá mánuði fram í tímann. Ef ljóst er að raunnotkun verði meiri en áætluð notkun getur Síminn óskað eftir hækkan á greiðsluábyrgð til samræmis við þá notkun.

4.6.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone gerir athugasemdir við að Símanum sé veittur fortakslaus einhliða réttur til að krefja viðsemjanda sinn um greiðsluábyrgð. Að mati Vodafone ætti þessi réttur að verða virkur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum þar sem um sé að ræða mjög íþyngjandi skyldu fyrir það fjarskiptafyrirtæki sem leggja þyrfti fram greiðsluábyrgð.

Í athugasemdum Tals bendir fyrirtækið á að vafasamt sé að heimilt sé að áskilja greiðsluábyrgð. Einnig telur Tal að of mikið sé að krefjast tryggingar fyrir ígildi þriggja mánaða viðskipta fyrir ný fyrirtæki.

Í athugasemdum Símans bendir fyrirtækið á að Síminn hafi þá kvöð að bjóða tilteknar þjónustur á fjarskiptamarkaði og sinna þeim óskum sem berast um afgreiðslu þeirra. Fyrirtækið hafi ekki val eins og almennt gerist um það til hvaða aðila fyrirtækið stofnar til viðskiptasambands. Telur Síminn því í hæsta máta óeðlilegt ef fyrirtækið ætti síðan að bera alla áhættu af greiðslugetu sinna viðsemjanda.

Jafnframt vísar Síminn til ákvörðunar PFS nr. 11/2009, sbr. gr. 3.9.3, þar sem PFS felst á sambærilegt ákvæði en áskilur sér jafnframt rétt til endurskoðunar í ljósi reynslunnar af þessum skilmála.

4.6.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Eins og fram kemur í athugasemd Símans samþykkti PFS að sambærilegur skilmáli fengi að standa í viðmiðunartilboði fyrirtækisins um samtengingu talsímaneta. Í umfjöllun stofnunarinnar um þetta atriði kemur eftirfarandi fram:

Í ákvörðun PFS nr. 29/2008 á mörkuðum 8-10 er sérstaklega tiltekið að Síminn megi ekki krefja fjarskiptafyrirtæki um bankaábyrgðir nema með sérstöku leyfi PFS. Engar skýringar er þó að finna í ákvörðuninni um hvaða sjónarmið PFS áætla að leggja til grundvallar ef sú beiðni berst frá Símanum að fyrirtækið hafi í hyggju að krefja viðsemjanda sinn um bankaábyrgð.

Að mati PFS getur verið óeðlilegt af hálfu Símans að krefjast bankaábyrgðar af viðsemjendum sínum sem hafa hugsanlega verið lengi í viðskiptasambandi við fyrirtækið án þess að komið hafi til greiðslufalls eða greiðsludráttar af neinu tagi. Hins vegar verður ekki annað séð en að það sé viðtekin venja að fyrirtæki í sambærilegri stöðu og Síminn hafi í viðmiðunartilboðum sínum skilmála um greiðsluábyrgðir. Af orðalagi skilmálans má ráða að ekki er um fortakslaut skilyrði fyrir samtengisamningi á grundvelli viðmiðunartilboðsins að ræða, heldur nokkurs konar valkvætt skilyrði að ræða. Í viðmiðunartilboði TDC í Danmörku um samtengingu talsímaneta er orðalag með hliðstæðum hætti, sbr. eftirfarandi skilmáli í grein 12.2 „*Sikkerhedsstillelse Standard*“ „*TDC er til enhver tid berettiget til, efter TDC's valg, at kræve en uigenkaldelig anfordringsgaranti stillet i et af TDC anerkendt pengeinstitut eller kautionsinstitut til sikkerhed for enhver betaling eller forpligtelse i øvrigt, der påhviler Operatøren i henhold til denne aftale.*“

Með hliðsjón af ofangreindu verður ekki annað séð en að sanngjarnt sé að Síminn geti í sumum tilvikum krafist tryggingar fyrir því að viðsemjandi hans setji bankaábyrgð fyrir þeim greiðslum sem geta fallið á hann vegna samtengingarinnar, bæði þá umferðagjöldum sem og beinum kostnaði sem til getur fallið vegna samtengingarinnar. Stofnunin mun hins vegar í samræmi við niðurstöðu á greiningu á mörkuðum 8. 9. og 10 meta hvert tilvik fyrir sig ef eftir því verður leitað af hálfu þeirra fjarskiptafyrirtækja sem telja að Síminn sé að misnota þessa heimild og setja upp með beitingu þess einhverjar óeðlilegar markaðshindranir.

Stofnunin telur því rétt að svo stöddu að hin nýja grein fái að standa óbreytt en áskilur sér rétt til að endurskoða þennan skilmála í ljósi þess hvernig framkvæmd og beiting Símans á þessari heimild til töku greiðsluábyrgðar verður.

Stofnuninni er ekki kunnugt um nein þau tilvik þar sem Síminn hefur sett fram ósanngjarnar kröfur um bankaábyrgðir vegna þeirra viðskipta sem fyrirhuguð er. Í ljósi þess, sbr. einnig ofangreind umfjöllun í ákvörðun stofnunarinnar nr. 11/2009 telur PFS rétt að skilmálinn fái að

standa óbreyttur í viðmiðunartilboðinu. Ef hins vegar ástæða er til að endurskoða tilvitnaðan skilmála sem og aðra sambærilega í þeim viðmiðunartilboðum sem Síminn er skyldugur til að birta er eðlilegast að það verði gert heildstætt og taki þá til allra þeirra viðmiðunartilboða þar sem sett er heimild til töku tryggingar fyrir væntanlegum viðskiptum.

4.7 Vanefndir sem teljast verulegar ef ekki eru gerðar úrbætur þrátt fyrir áskorun Símans, kafli 5.1.4.

Viðsemjandi, sem hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, og ekki er um að ræða vanefndir sem um getur í 5.1.1. gr., hefur rétt til að bæta þar úr innan frests, sem honum er settur af hálfu Símans í því skyni að viðlagðri riftun. Honum ber þá að grípa til slíkra úrræða strax og honum hefur borist tilkynning um vanefndirnar eða honum má vera ljóst með öðrum hætti. Bæti viðsemjandi ekki úr tilgreindum vanefndum innan hins veitta frests telst vanefndin verulega og er Símanum þá heimilt að rifta samningnum í heild eða að hluta.

4.7.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Tals kemur fram að fyrirtækið telji óeðlilegt að Símanum sé veitt heimild til riftunar, sem og að sá frestur sem veittur sé viðsemjanda til að bregðast við aðfinnslum, sé ákveðinn af Símanum án takmarkana.

Í athugasemdum Símans fellst fyrirtækið á með Tali að eðlilegt sé að tímalengd frests sé ákveðin. Leggur fyrirtækið til að tímalengd til að bæta úr vanefndum yrði 2 vikur frá því að tilkynning skv. grein 5.1.4. bærst viðsemjanda. Ef ekki yrði bætt úr vanefnd innan þess frests sé Símanum heimilt að rifta samningi aðila.

4.7.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Það er almenn regla í kröfurétti að fyrirtæki geta rift samningi við gagnaðila ef hann uppfyllir ekki samninginn fyrir sitt leyti. Það er síðan sjálfstætt úrlausnarefni í hverju tilviki fyrir sig hvort heimild er til riftunar sem ræðst af atvikum máls. Í ljósi þeirra hagsmuna sem eru í húfi, t.d. öryggishagsmuna, heildstæði neta o.fl. getur verið eðlilegt að fyrirtæki eins og Síminn, sem er í þeirri aðstöðu að þurfa að semja við alla aðila á fjarskiptamarkaði, geti gripið til aðgerða ef fyrirtæki uppfylla ekki skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

Póst- og fjarskiptastofnun tekur hins vegar undir sjónarmið Tals og telur eðlilegt að settur sé ákveðinn frestur til að bregðast við þeim aðfinnslum sem berast. Jafnframt telur PFS að eðlilegt sé að Síminn geri viðsemjanda grein fyrir í tilkynningu sinni um hugsanlega riftun og hvaða vanefndir það séu sem séu svo verulegar að þær varði riftun. Skilmálinn verður því svohljóðandi:

„Viðsemjandi, sem hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, og ekki er um að ræða vanefndir sem um getur í 5.1.1. gr., hefur rétt til að bæta þar úr innan 2 vikna frests frá því að honum berst tilkynning Símans þar sem honum er gerð grein fyrir vanefndunum. Honum ber þá að grípa til slíkra úrræða strax og honum hefur borist tilkynning um vanefndirnar eða honum má vera ljóst með öðrum hætti að um vanefndir er að ræða. Bæti viðsemjandi ekki úr tilgreindum vanefndum innan hins veitta frests telst vanefndin veruleg og er Símanum þá heimilt að rifta samningnum í heild eða að hluta.“

4.8 Takmörkun ábyrgðar, kafli 6

Síminn ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna.

4.8.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Tals kemur fram að fyrirtækið telur óeðlilegt að Síminn undanskilji sig allri ábyrgð á tjóni vegna sambandsleysis. Telur fyrirtækið það þó skiljanlegt ef um er að ræða tilfallandi bilun í stuttan tíma. Annað eigi hins vegar að gilda ef Síminn gerir ekki við sambönd sín innan umsaminna tímamarka.

Í athugasemdum Símanum kemur fram að ef búast megi við tjónakröfum vegna bilana sem upp geta komið í hvaða kerfi sem er yrðu afnotagjöld að taka mið af því umhverfi. Jafnframt bendir fyrirtækið á að upptími kerfa Símans sé almennt mjög hár.

4.8.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Í 40. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 er almennt ákvæði um að fjarskiptafyrirtækjum sé heimilt í viðskiptaskilmálum sínum að undanþiggja sig bótaábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna. Ábyrgðartakmörkun er þó bundin við að tjónið verði ekki rakið til stórfelldra mistaka starfsmanna fyrirtækisins. Að mati PFS er eðlilegt að Síminn geti í sínum viðmiðunartilboðum á heildsölumörkuðum undanskilið sig ábyrgð vegna bilana í fjarskiptanetum sínum á sama hátt og í almennum viðskiptaskilmálum sínum gagnvart almennum notendum sínum. Að sama skapi geta viðsemjendur Símanns undanskilið sig ábyrgð gagnvart sínum viðskiptavinum á grundvelli 40. gr. fjarskiptalaga.

Með vísun til ofangreinds verður því talið að ákvæði um ábyrgðartakmarkanir í viðmiðunartilboðinu eigi sér beina lagastoð og skoðast því sem samþykktur af hálfu PFS.

4.9 Sérstakt ákvæði, kafli 8.2.2

Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða eign Símans.

4.9.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone vekur athygli á því að orðalag þessa ákvæðis sé ekki nákvæmlega eins og orðalag sama ákvæðis í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta. Gerir fyrirtækið athugasemdir við þann fortakslausa rétt sem Síminn áskilur sér til að eignast þá endurbættu og þróðu lausn sem til verður á grundvelli hugbúnaðar sem jafnvel er í eigu viðsemjanda Símans. Telur Vodafone það bæði sanngjarnt og eðlilegt að sá samningsaðili eignist hina endurbættu og þróðu lausn, sem og hugbúnaðinn og leggur til vinnu og fjármagn við að endurbæta og þróa búnaðinn. Leggur fyrirtækið til að ákvæðið verði eins orðað og í viðmiðunartilboði um samtengingu talsímanet. Tal gerir efnislega sömu athugasemd og Vodafone.

Í athugasemdum Símans kemur fram að ekki sé líklegt að Síminn, sem sé að langmestu leyti með staðlaðan búnað frá ýmsum framleiðendum, hafi hag af því að fara í þróunarvinnu með einstökum viðsemjendum, nema því aðeins að hægt verði að nýta þá vinnu og lausnir sem tekst að þróa fyrir fleiri viðskiptavinum Símans. Jafnframt bendir Síminn á að viðsemjendum sé í sjálfsveld sett að smíða sínar lausnir án tæknileg stuðnings eða atbeina Símans kjósi þeir svo. Um þá athugasemd Vodafone að ákvæðið eigi að vera eins orðað og í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta þá taldi Síminn að sú breyting myndi draga úr líkum á því að Síminn taki þátt í slíku samstarfi þar sem nauðsynlegur hvati fyrirtækisins af samstarfinu myndi hverfa.

4.9.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta sem Vodafone vísar til í athugasemdum sínum er sambærilegt ákvæði orðað með eftirfarandi hætti:

„Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.“

Að mati PFS er mikilvægt að samræmi sé á milli hliðstæðra ákvæða í viðmiðunartilboðum Símans þannig að viðsemjendur geti treyst því að sambærilegar reglur séu í gildi í hliðstæðum tilvikum.

Þá er einnig vafasamt út frá eignarétti að Síminn geti sett þann skilmála fyrir þátttöku í hugsanlegu samstarfi við frekari þróun tæknilegra lausna, að hugbúnaður eða réttindi tengd hugbúnaði sem sannarlega var í eigu viðsemjanda Símans fyrir endurbætur verði eign Símans að þeim loknum.

Með vísun til ofangreinds telur PFS að ákvæðið eigi að orðast með eftirfarandi hætti:

„Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.“

4.10 Greiðslutrygging, kafli 10

Símanum er heimilt að krefjast fullnægjandi trygginga vegna nauðsynlegra fjárfestinga í því skyni að koma til móts við óskir viðsemjanda um lúkningarluta leigulína.

4.10.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Tal telur vafasamt að heimilt sé að áskilja greiðslutryggingu vegna kaupa á þjónustu.

Í athugasemdum Símans kemur fram að fyrirtækið telur ákvæðið skýra sig sjálft og vera fullkomlega eðlilegt. Það væri hins vegar óeðlilegt að viðsemjandi gæti bæði krafist þjónustu, sem fæli í sér fjárfestingu af hendi Símans, en bæri þó enga ábyrgð og Síminn ætti að bera allan kostnaðinn, ef viðsemjandi félli frá fyrri óskum.

4.10.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Eins og fram kemur í athugasemd Símans samþykkti PFS að sambærilegur skilmáli fengi að standa í viðmiðunartilboði fyrirtækisins um samtengingu talsímaneta. Í umfjöllun stofnunarinnar um þetta atriði kemur eftirfarandi fram:

Í ákvörðun PFS nr. 29/2008 á mörkuðum 8-10 er sérstaklega tiltekið að Síminn megi ekki krefja fjarskiptafyrirtæki um bankaábyrgðir nema með sérstöku leyfi PFS. Engar skýringar er þó að finna í ákvörðuninni um hvaða sjónarmið PFS áætla að leggja til grundvallar ef sú beiðni berst frá Símanum að fyrirtækið hafi í hyggju að krefja viðsemjanda sinn um bankaábyrgð.

Að mati PFS getur verið óeðlilegt af hálfu Símans að krefjast bankaábyrgðar af viðsemjendum sínum sem hafa hugsanlega verið lengi í viðskiptasambandi við fyrirtækið án þess að komið hafi til greiðslufalls eða greiðsludráttar af neinu tagi. Hins vegar verður ekki annað séð en að það sé viðtekin venja að fyrirtæki í sambærilegri stöðu og Síminn hafi í viðmiðunartilboðum sínum skilmála um greiðsluábyrgðir. Af orðalagi skilmálans má ráða að ekki er um fortakslaust skilyrði fyrir samtengissamningi á grundvelli viðmiðunartilboðsins að ræða, heldur nokkurs konar valkvætt skilyrði að ræða. Í viðmiðunartilboði TDC í Danmörku um samtengingu talsímaneta er orðalag með hliðstæðum hætti, sbr. eftirfarandi skilmáli í grein 12.2 „Sikkerhedsstillelse Standard“ „TDC er til enhver tid berettiget til, efter TDC's valg, at kræve en uigenkaldelig anfordringsgaranti stillet i et af TDC anerkendt pengeinstitut eller kautionsinstitut til sikkerhed for enhver betaling eller forpligtelse i øvrigt, der påhviler Operatøren i henhold til denne aftale.“

Með hliðsjón af ofangreindu verður ekki annað séð en að sanngjarnt sé að Síminn geti í sumum tilvikum krafist tryggingar fyrir því að viðsemjandi hans setji bankaábyrgð fyrir þeim greiðslum sem geta fallið á hann vegna samtengingarinnar, bæði þá umferðagjöldum sem og beinum kostnaði sem til getur fallið vegna samtengingarinnar. Stofnunin mun hins vegar í samræmi við niðurstöðu á greiningu á mörkuðum 8. 9. og 10 meta hvert tilvik fyrir sig ef eftir því verður leitað af hálfu þeirra fjarskiptafyrirtækja sem telja að Síminn sé að misnota þessa heimild og setja upp með beitingu þess einhverjar óeðlilegar markaðshindranir.

Stofnunin telur því rétt að svo stöddu að hin nýja grein fái að standa óbreytt en áskilur sér rétt til að endurskoða þennan skilmála í ljósi þess hvernig framkvæmd og beiting Símans á þessari heimild til töku greiðsluábyrgðar verður.

Stofnuninni er ekki kunnugt um nein þau tilvik þar sem Síminn hefur sett fram ósanngjarnar kröfur um bankaábyrgðir vegna þeirra viðskipta sem fyrirhuguð er. Í ljósi þess, sbr. einnig ofangreind umfjöllun í ákvörðun stofnunarinnar nr. 11/2009 telur PFS rétt að skilmálinn fái að standa óbreyttur í viðmiðunartilboðinu. Ef hins vegar ástæða er til að endurskoða tilvitnaðan skilmála sem og aðra sambærilega í þeim viðmiðunartilboðum sem Síminn er skyldugur til að birta er eðlilegast að það verði gert heildstætt og taki þá til allra þeirra viðmiðunartilboða þar sem sett er heimild til töku tryggingar fyrir væntanlegum viðskiptum.

4.11 Viðauki 2 Tækniskilmálar, almennt, kafli 2.1

Búnaður viðsemjanda skal vera samhæfður og uppfylla allar tæknilegar kröfur og skilmála til tengingar við skilgreind tengiskil og undirliggjandi tæknibúnað Mílu ehf. og Símans.

4.11.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Tals er lagt til að notað verði orðalagið „almennar tæknilegar kröfur“ svo að Síminn og/eða Míla geti ekki stjórnað því að eigin geðþótta hvaða búnað viðsemjandi geti notað á leigulínum með því að setja ónauðsynlegar tæknikröfur í þeim tilgangi að takmarka hugsanlegt þjónustuframboð viðsemjanda.

Í athugasemdum Símans kemur eftirfarandi fram:

„Búnaðar Símans er frá viðurkenndum framleiðendum og uppfyllir alþjóðlega staðla. Þegar viðsemjandi óskar tengingar við fyrirliggjandi búnað Símans, er ljóst að búnaður viðsemjanda þarf

að vera samhæfður og uppfylla tæknilegar kröfur og skilyrði um tengiskil. Að öðrum kosti má vænta rekstrartruflana eða bilana sem ekki eru ásættanlegar í þessu umhverfi. Yrði það Símanum jafnframt mjög íþyngjandi bæði varðandi rekstur og öryggi sambanda sem og rekstrarkostnað og vill félagið ekki eiga aðild að slíkum ófaglegum vinnubrögðum. Síminn vísar í því sambandi til 59. gr. fjarskiptalaga.“

4.11.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Að mati PFS kemur orðalag ákvæðisins ekki í veg fyrir að viðsemjandi Símans geti vísað ágreiningi sem sprottin væri um þau atriði sem nefnd eru í ákvæðinu til Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 63/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Eðlilegt verður að telja að gerð sé krafa um að fylgt sé viðurkenndum stöðlum, sbr. 59. gr. fjarskiptalaga sem Síminn vísar til í athugasemdum sínum. Þá verður heldur ekki séð að orðalagið „almennar tæknilegar kröfur“ skýri ákvæðið frekar.

Með vísun til ofangreinds telur Póst- og fjarskiptastofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við grein 2.5 í viðmiðunartilboði Símans um tæknilega skilmála og hæfi.

4.12 Viðauki 2. ábyrgð viðsemjanda og viðurlög, kafli 2.2.

Viðsemjandi ber fulla ábyrgð á að búnaður hans uppfylli ofangreindar kröfur. Síminn áskilur sér rétt til bóta frá viðsemjanda og að loka fyrir aðgang hans, ef búnaður viðsemjanda veldur þjónusturofi eða truflunum hjá öðrum viðskiptavinum Mílu ehf. og/eða Símans.

4.12.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone gerir athugasemdir við þann fortakslausu rétt sem Síminn áskilji sér þarna til að krefja bóta frá viðsemjanda og til að loka fyrir aðgang hans. Lokun á aðgangi sé harkaleg aðgerð sem ætti ekki að vera heimil nema að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Einnig ætti Símanum að vera skylt að upplýsa viðsemjanda sinn og gefa honum tækifæri til að bregðast við innan sanngjarna tímamarka.

Í athugasemdum Símans kemur eftirfarandi fram:

„Síminn verður að geta lokað tafarlaust fyrir aðgang viðsemjanda, sem er að valda þjónusturofi, truflunum og skaða á öðrum samböndum Símans og viðsemjanda hans. Ekki er eðlilegt eða ásættanlegt að fyrst eigi að byrja á bréfaskriftum og að veita fresti meðan þetta ástand varir áfram, með tilheyrandi vandamálum fyrir Símann og aðra viðskiptavini hans. Ekki er á nokkurn hátt ásættanlegt að þjónusta Símans eða annarra viðskiptavina liggja niðri eða sé í uppnámi meðan sá viðsemjandi sem þessu veldur er að skoða málið sín megin.

Síminn telur umrætt ákvæði fyllilega eðlilegt, en jafnframt rétt og að hlutaðeigandi viðsemjanda sé gert viðvart eins fljótt og hægt er.“

4.12.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Með hliðsjón af skýringum Símans sem og þeim miklu hagsmunum sem eru í húfi, bæði að því er varðar fjarskipti landsmanna almennt, sem og hugsanleg áhrif á viðskiptavini Símans á smásölumarkaði eða heildsölumarkaði, verður að telja rétt að Síminn hafi þennan rétt til að loka fyrir þjónustu, enda sé upplýst að viðkomandi búnaður uppfylli ekki þær kröfur sem eðlilegt er að gera s.s. viðurkennda staðla eða CE merkingar. Síminn ber samkvæmt almennum skaðabótareglum ábyrgð á því ef lokun á ekki rétt á sér.

Að því er varðar áskilnað Símans um bætur þá myndi bótagrundvöllur fyrir þeirri kröfu fara eftir almennum skaðabótareglum sem í gildi eru hér á landi, t.d. þurfa saknæmisskilyrði af hálfu viðsemjanda að vera uppfyllt til að bótaréttur stofnist. Áskilnaður Símans í skilmálanum um bótarétt hefur því enga sjálfstæða þýðingu.

Með tilliti til framangreinds telur stofnunin því ekki tilefni til að breyta orðalagi skilmálans.

4.13 Viðauki 3, pantanir, kafli 2

Viðsemjandi þarf að gera grein fyrir óskum sínum um tengingar, sundurgreint eftir því um hvers konar tengingu er að ræða. Einnig þarf að tilgreina óskir um bandvídd, tengitíma og til hvaða IP/ATM hnútpunkta tengingin óskast. Þar sem framlengja þarf lúkningarluta leigulínu frá símsstöð að næsta IP/ATM-hnútpunkti, ber viðsemjandi kostnað af því.

Leitast er við að afgreiða óskir viðsemjanda um nýttengingar innan Símans, að jafnaði innan fimm virka daga*, m.v. að allur nauðsynlegur búnaður sé til staðar og fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir á skilgreindu formi, sem Síminn samþykkir. Endanlegur tengitími er auk þess háður fjölda tenginga sem tengja skal og þjónustuviðmiðunum Mílu ehf., sem eru mismunandi eftir staðsetningu á landinu. Pantanir skal senda á heildsala@siminn.is

*(Ath. Ef Síminn þarf að útvega einhvern viðbótarbúnað, sem ekki er til á lager, má almennt gera ráð fyrir að afgreiðslufrestur hans sé um 3 mánuðir og í stöku tilvikum lengri.)

4.13.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Tals kemur fram að fyrirtækið telur að afgreiðslufrestur skv. þessari grein sé óþarflega langur og bendir á að hafa þurfi eftirlit með því að afgreiðslufrestur til smásölu Símans sé ekki styttri en til annarra fyrirtækja.

Í athugasemdum Símans kemur fram að fyrirtækið telur umræddan afgreiðslufrest eðlilegan og engin rökstuðningur fyrir öðru af hálfu Tals. Þá hafi PFS og aðrir til þess bærir aðilar eftirlit með þeim kvöðum sem á Símanum hvíla m.a. um jafnræði og geta kallað eftir upplýsingum um einstaka þætti eftir því sem þurfa þykir.

4.13.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Þann 21. október 2010 birti PFS lágmarkskröfur sem gilda eiga í alþjónustu m.a. um afhendingartíma fyrir leigulínur. Samkvæmt þeim kröfum sem í gildi eru getur meðalafhendingartími fyrir 95% af þeim pöntunum sem berast verið allt frá 8 virkum dögum til 20 virkra daga, eftir flutningsgetu línunnar. Umræddir gæðastaðlar eru m.a. settir með hliðsjón af ETSI EG 2010 769-1 (2000-04)

Með hliðsjón af ofangreindum tímamörkum þá er það mat PFS að þau viðmiðunarmörk sem sett eru í kafla 2 um að tengingar skuli að jafnaði afhentar innan fimm virka daga séu eðlileg og sanngjörn.

5 Viðmiðunartilboð Símans um IP/ATM-stofnlínur (útgáfa 1.0, 21. ágúst 2009)

5.1 Almenn

Í upphafi athugasemda Vodafone við viðmiðunartilboð Símans um stofnlínuhluta leigulína (markaður 14), gerir fyrirtækið athugasemdir um að viðmiðunartilboðið hafi aðeins að geyma IP/ATM stofnlínur. Bendir fyrirtækið á að PFS skilgreini í ákvörðun sinni nr. 20/2007 að

eftirfarandi leigulínur falli undir viðkomandi markað: IP-MPLS, ATM, Ethernet, SDH/PDH, einnig hliðrænar línur, DWDM og svartur ljósleiðari. Telur Vodafone með hliðsjón af því sé það þjónustuframboð sem Síminn sé að bjóða í umræddu viðmiðunartilboði frekar takmarkað. Í ljósi þess að ATM flutningstækni sé á undanhaldi og IP/MPLS hnútpunktur fáir og aðeins á stærstu þéttbýlisstöðum sé ljóst að notagildi þessarar þjónustu sem Síminn sé að bjóða í viðmiðunartilboðinu takmarkað nema gerðar verði breytingar á því og tryggt verði að það gildi einnig um staðgönguþjónustu yfir Ethernet (VLAN) sem framlengingu á IP/MPLS neti Símans. Að öðrum kosti verði markmiðum með álagningu kvaða á viðkomandi markaði ekki náð. Fer Vodafone því fram á að PFS sjái til þess að umræddu viðmiðunartilboði verði breytt til samræmis við framangreint.

Í svari Símans við athugasemdum Vodafone bendir fyrirtækið á að athugasemdin sé mjög óskýr, en virðist m.a. beinast að því, að Síminn sé ekki að bjóða „Point to Point (P-P)“ Ethernet aðgangstengingar í viðmiðunartilboði sínu.

Vísar Síminn til ákvörðunar PFS nr. 20/2007, bls. 8 og bréfs Símans til PFS, dags. 27. júlí 2007. Þar komi fram að hluti þeirra leigulína sem tilgreindar eru á bls. 8 séu reknar af Mílu. Á það m.a. við um Eternet, svartan ljósleiðara o.fl. Síminn hafi því eðlilega ekki lagt fram viðmiðunartilboð um þær vörur, enda myndi það einungis lengja afgreiðslutíma og auka kostnað fjarskiptafyrirtækja ef Síminn væri að endurselja þær með tilheyrandi viðbótarkostnaði.

Um þá þjónustu sem Síminn er að bjóða í viðmiðunartilboðinu segir fyrirtækið:

Síminn er í viðmiðunartilboðinu sínu að bjóða þjónustu sem fellur undir viðurkennda evrópska skilgreiningu á leigulínum á stofnlínumarkaði. Í þeirri skilgreiningu segir að leigulína skuli uppfylla þau skilyrði að vera gagnsæ, milli tveggja punkta og tileinkuð ákveðnum notanda.

Úrskurðarnefnd Póst- og fjarskiptamála tekur undir ofangreinda skilgreiningu, sbr. það sem fram kemur á bls. 42 í úrskurði nefndarinnar nr. 7/2007, frá 1. júlí 2008.

„Það er mat nefndarinnar að þar sem sú þjónusta sem er samrýmanleg skilgreiningu leigulína sem greind innan umræddra markaða, þ.e. að gagnsæ flutningsgeta milli tveggja punkta, sé tileinkuð notandanum eða hefur staðgöngu við slíka þjónustu...“

Einnig segir í úrskurðinum á bls. 42. Notandinn getur ekki beint flutningi merkja á aðra nettengipunkta en þá tvo sem tilgreindir eru við pöntun þeirra þjónustu sem um ræðir, hvort sem um er að ræða hefðbundna leigulínu eða staðgönguþjónustu.

5.1.1 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Eins og Síminn bendir á í athugasemdum sínum þá er hægt að fá aðgang að og þar með keypta þá tegundir af aðgangi sem Vodafone telur upp hjá Mílu. Fellst PFS því á það sjónarmið Símans að ekki sé skynsamlegt né réttlæt看legt að fyrirtækinu verði einnig gert að bjóða aðgang að þessum tegundum aðgangs. Enda liggur fyrir að til að svo megi verða þyrfti Síminn að kaupa samböndin af Mílu og endurselja síðan áfram til hugsanlegra viðskiptavina.

Á aðalfundi Símans hf. þann 15. mars 2007 samþykktu hluthafar félagsins skipulagsbreytingar á samstæðu Símans hf. Stofnað var sérstakt móðurfélag, Skipti hf., sem fer með eignarhald á dótturfyrirtækjum sem fara með aðra starfsemi Símasamstæðunnar. Undir Skipti heyra Míla sem sér um rekstur fjarskiptanetsins og Síminn sem einnig hefur fjarskiptastarfsemi með höndum.

Eins og fjallað er um í ákvörðun PFS nr. 20/2007 hafði þessi skipulagsbreyting á samstæðu Símans engin áhrif á greiningu á mörkuðum 7, 13 og 14 að öðru leyti en því að ákvörðunin beindist nú að tveimur félögum í samstæðunni, Mílu og Símanum, eftir því sem við á, í stað þess að beinast eingöngu að Símanum.

Eftir nokkur bréfaskipti við Símann og Mílu á sínum tíma, þar sem leitast var við að upplýsa með skýrum hætti hvaða félag eða félög færu með stjórn á þeirri þjónustu sem félli undir framangreinda markaði, í samræmi við markaðsskilgreiningu stofnunarinnar í greiningu á mörkuðunum, varð það niðurstaða PFS að leggja kvaðir á bæði fyrirtækin. Enda ljóst að bæði Síminn og Míla bjóða þjónustu á mörkuðum 13 og 14 eins og PFS hafði skilgreint þá þjónustumarkaði. Flutningsmiðlarnir voru hjá Mílu og samskiptareglurnar hjá Símanum. Sömu kvaðir voru því lagðar á fyrirtækin á mörkuðum 13 og 14. Á markaði 7 er Síminn einn með kvaðir.

Á markaði 14, sem hér er til umfjöllunar skilgreindi PFS að eftirtaldar leigulínur féllu undir markaðinn

IP-MPLS, með eftirfarandi flutningshröðum, 256 kb/s, 512 kb/s, 2 Mb/s, 4 Mb/s, 6 Mb/s 10 Mb/s og 100 Mb/s.

ATM, með eftirfarandi flutningshröðum, 2 Mbit/s upp í 155 Mbit/s.

Ethernet, með eftirfarandi flutningshröðum, 2 Mb/s, 4 Mb/s, 6 Mb/s, 8 Mb/s, 10 Mb/s, 20 Mb/s, 48 Mb/s og 100 Mb/s.

SDH/PDH, einnig hliðrænar línur (hefðbundnar línur), með eftirfarandi flutningshröðum, 64 kb/s, 128 kb/s, 256 kb/s 512 kb/s, 2 Mb/s, 45 Mb/s, 155 Mb/s og 622 Mb/s.

DWDM, flutningshraði óskilgreindur

Svartur ljósleiðari, flutningshraði óskilgreindur

Þó að kvöðin um aðgang að ofangreindum leigulínum hafi verið lögð á bæði fyrirtækin þá lá það fyrir að hvorki Míla né Síminn áformuðu að vera með í sínu þjónustuframboði allar þær tegundir sem taldar eru hér upp að ofan, sbr. bréf Símans, dags. 27. júlí 2007, sem vísað er til í athugasemdum Símans. Síminn rekur þær leigulínur sem teljast til samskiptareglna á markaði 14 þ.e. IP-MPLS og ATM leigulínur. Míla rekur aftur á móti þær línur sem teljast til flutningsmiðla á markaði 14. þ.e. SDH/PDH, Ethernet.² Míla býður einnig upp á aðgang að leigulínum samkvæmt DWDM staðli og svartan ljósleiðara.

Með vísun til ofangreinds verður ekki fallist á með Vodafone að Síminn þurfi samhliða Mílu að bjóða sömu tegundir af flutningsmiðlum og hægt er að fá hjá Mílu enda langlíklegast að slíkt myndi einungis leiða til lengri afgreiðslutíma og hærra verðs eins og Síminn bendir á í athugasemdum sínum miðað við gjaldskrá Mílu fyrir sömu línur.

² Í leigulínugjaldskrá Mílu, dags. 1. mars 2010 er að finna gjaldskrá og skilmála fyrir: Notendalínur, stofnlínur, Ethernet og Ljóslínu.

Hvað varðar athugasemd Vodafone um að tryggt verði að viðmiðunartilboðið gildi einnig um staðgönguþjónustu yfir Ethernet (VLAN) sem framlengingu á IP/MPLS neti Símans þá er sérstaklega tiltekið í ákvörðun PFS nr. 20/2007, sbr. einnig bréf Símans til PFS dags. 27. júlí 2007, að Ethernet (VLAN) sé rekið af Mílu. Það er því niðurstaða PFS að það sé ekki eðlilegt að Síminn leggi einnig fram viðmiðunartilboð þar sem boðið er upp á þessar vörur, þrátt fyrir að Ethernet (VLAN) sé notað sem framlenging á IP/MPLS neti Símans.

Ef hins vegar markaðsaðilum hefur reynst erfitt að tengja saman Ethernet Mílu og MPLS net Símans telur PFS að rétt sé að úr slíkum hugsanlegum ágreiningi verði leyst úr í sérstöku máli.

5.2 Breytingar á samningi, kafli 1.4

Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur milli Símans og viðsemjanda hans.

Geti viðsemjendur Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni viðmiðunartilboðs/samnings til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar. Hafi Póst- og fjarskiptastofnun ekki skorið úr ágreiningi aðila að þremur mánuðum liðnum frá birtingu tilboðs tekur það gildi gagnvart viðsemjanda. Síminn birtir „viðmiðunartilboð um IP/ATM-stofnlínur“ á vef sínum.

5.2.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone gerir hér sömu athugasemdir og fram koma í kafla 4.1.1 um viðmiðunartilboð Símans um lúkningarluta leigulína.

Í athugasemdum Símans er fallist á að skilmálum verði breytt til samræmis við sambærilegt ákvæði í viðmiðunartilboði um sýndarnetsaðgang útg. 1.2.-A – 01.01.2010, sbr. úrskurð PFS nr. 20/2009. Síminn gerir þó fyrirvara varðandi birtingu verðskrárupplýsinga á vef sínum.

5.2.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Póst- og fjarskiptastofnun hefur áður fjallað um með hvaða hætti standa eigi að breytingum á gildandi viðmiðunartilboðum. Í ákvörðun stofnunarinnar nr. 11/2009, sagði m.a. að viðmiðunartilboðum væri ætlað að skapa gagnsæi um kjör og ákveðinn grundvöll fyrir samningsgerð á milli aðila en að ekki ætti að þoka samningsfrelsi viðsemjanda. Þannig væri óheimilt að binda viðsemjendur einhliða með breyttum skilmálum í samningum án þeirra samþykkis eða uppsagnarfrests. Breytingar á viðmiðunartilboðum skyldi einnig tilkynna til PFS. Þá var því og slegið föstu að breytingar á ákvæðum viðmiðunartilboðs tækju því aðeins gildi að enginn ágreiningur væri um þær á milli fjarskiptafyrirtækjanna.³ Niðurstaða PFS var efnilega sú sama í ákvörðun PFS nr. 20/2009.

Með vísun til ofangreinds, sbr. sjónarmið Símans skal grein 1.4. orðast með sambærilegum hætti og í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta, sbr. ákvörðun PFS nr. 11/2009, sbr. viðmiðunartilboð Símans um sýndarnetsaðgang, sbr. ákvörðun PFS nr. 20/2009.

„Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent viðsemjanda og Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma

³ Sjá kafla 3.2.2. í ákvörðun PFS nr. 11/2009.

liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um IP/ATM- stofnlínur milli Símans og viðsemjanda hans.

Geti viðsemjandi Símans ekki felld sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreining um efni viðmiðunartilboðs um lúkningarluta leigulína til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Síminn birtir „Viðmiðunartilboð um IP/ATM-stofnlínur“ á vef sínum.“

5.3 Áætlanir, kafli 2.5

Viðsemjandi skal leggja fram áætlanir, um áætlaðan fjölda IP/ATM-stofnlína, sem nær yfir allt næsta almanaksár (12 mánuði) í októbermánuði ár hvert. Þar skal tilgreina tegund, magn og bandbreidd stofnlína, milli hvaða hnútpunkta tenging óskast og óskir um tengitíma. Áætlanir skulu endurskoðaðar eins og þörf er á. Ef áætlanir eru ekki uppfærðar er gert ráð fyrir óbreyttu ástandi. Ef endurskoðun á áætlunum fela í sér verulega breytingu á áætlunum næstu 3 mánuði er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka.

Viðurlög og frávík frá áætlunum, kafli 2.6.

Áætlanir um fjölda tenginga með IP/ATM stofnlínu á kerfi Símans skulu bornar saman við raunverulegan fjölda þeirra á hverju 6 mánaða tímabili. Ef hámarksfjöldi er 25% meira en áætlanir gera ráð fyrir getur Síminn ekki ábyrgst að mæta óskum viðsemjanda.

Ef raunverulegur fjöldi IP/ATM-stofnlína fer 50% undir áætlun er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði áfallinn kostnað.

Ef gerðar eru breytingar án þess að fyrirvari sé virtur, er Símanum ekki skylt að bregðast við þeim ef ætla má að hægt hefði verið að tilkynna breytingarnar með fyrirvara.

Um binditíma vegna pantana viðsemjanda á IP/ATM-stofnlínum, sjá gr. 3.1.

5.3.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone telur að ofangreint ákvæði séu óljós og of víðtæk enda veita þær Símanum heimildir til að hafna því að verða við beiðnum á ýmsum óljósum forsendum eins og t.d. að áætlanir hafi ekki verið endurskoðaðar eins og þörf væri á eða að ný ósk um samband feli í sér verulegar breytingar á áætlunum. Að mati Vodafone séu þessi ákvæði óþörf þar sem staða Símans ætti að vera tryggð í ljósi ákvæða í grein 3.1 um verðmyndun og grein 10 um greiðslutryggingu. Fer fyrirtækið því fram á þessar greinar verði endurskoðaðar í samræmi við athugasemdir fyrirtækisins.

Í athugasemdum Tals kemur fram að fyrirtækið telur óeðlilegt að Síminn geti krafist viðsemjanda um óskilgreindan útlagðan kostnað ef kemur til breytinga eða frávika frá áætlunum.

Í svari Símans kemur fram að fyrirtækið telur ákvæðið bæði nauðsynlegt og eðlilegt. Vísar Síminn m.a. til þess að við búnaðarkaup erlendis frá sé afgreiðslufrestur langur, þannig að gera þarf áætlanir og panta búnað með löngum fyrirvara. Óeðlilegt sé að viðsemjandi geti skuldbundið Símann til búnaðarkaupa, með óábyrgri áætlanagerð, en Síminn eigi síðan að bera alla áhættu af þeim innkaupum sem gera þarf, til að geta staðið við afgreiðslu skv. þeim áætlunum.

Telur Síminn að það svigrúm sem viðsemjandi hefur skv. þessari grein sé sanngjarnt og halli síður en svo á viðsemjanda, enda hafi PFS fallist á sambærileg ákvæði í öðrum viðmiðunartilboðum Símans. Hvað varðar athugasemdir Vodafone þá telur Síminn að blandað sé saman óskyldum hlutum. Greinar 3.1. og 10 geti alls ekki komið í stað gr. 2.5. og 2.6.

5.3.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Í ákvörðun PFS nr. 13/2007 um viðmiðunartilboð Símans um samtengingu talsímaneta (RIO), er umfjöllun um sambærilegt ákvæði í kafla 3.8. og 3.9. Í því máli var það niðurstaða PFS að eðlilegt sé að gerð sé krafa um að gerðar séu áætlanir um þá þjónustu sem viðsemjandi ætlar að kaupa á næsta ári. Taldi PFS að ljóst væri að Síminn gæti orðið fyrir kostnaði ef áætlanir skeikuðu mjög miklu og eðlilegt verði að telja að viðsemjandi þyrfti að bera hallan af því ef áætlanir hans gengju ekki eftir. Hins vegar taldi PFS að eingöngu væri um það að ræða að viðsemjandi skyldi standa straum af beinum og útlögðum kostnaði sem Síminn hafði orðið fyrir í slíkum tilfellum og að það væri á ábyrgð Símans að færa sönnur á að frávik frá uppgefnum áætlunum viðsemjanda hafi leitt til auka kostnaðar hjá fyrirtækinu.

Í ljósi ofangreinds var skilmálinn í RIO orðaður með þeim hætti að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka. Orðalag í skilmála 2.5. er í samræmi við fyrri niðurstöðu PFS í sambærilegu álitamáli. Í ljósi þessarar niðurstöðu PFS og þar sem engin ný sjónarmið hafa komið fram frá hagsmunaaðilum sem ekki hlutu efnismeðferð í hinu fyrra máli samþykkir PFS umræddan skilmála nr. 2.5. um áætlanir.

Með ákvörðun PFS nr. 13/2007 var sambærilegt ákvæði og er í grein 2.6. samþykkt, sbr. umfjöllun PFS í kafla 3.9.2. Í ljósi þessa eru ekki forsendur til að gera breytingar á umræddum skilmála.

5.4 Tæknilegir skilmálar, kafli 2.7

Fjarskiptabúnaður sem tengist kerfi Símans, skal vera með viðurkenningu um að uppfylla almenna staðla um fjarskiptabúnað. Tækniskilmálar sem búnaður þarf að uppfylla er samkvæmt viðauka 2.

Símanum er heimilt að krefjast þess að viðsemjandi leggi fram gögn er staðfesti, að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur búnaður sem getur haft áhrif á fjarskiptabúnað gagnaðila hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli almennar öryggiskröfur.

Nú uppfyllir viðsemjandi ekki skilyrði skv. 1.-2. mgr. og getur Síminn þá hafnað tengingu við búnað viðsemjanda að öllu leyti eða að hluta.

5.4.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone telur nauðsynlegt að ákvæðið verði skilgreint frekar þar sem orðalag þess sé með þeim hætti að Síminn gæti með auðveldum hætti hafnað að veita aðgang með vísan til þess að búnaður eða færni tæknimanna viðsemjanda sé ekki fullnægjandi og uppfylli ekki almennar öryggiskröfur. Vodafone fer því fram á að PFS geri nauðsynlegar breytingar á ákvæðinu þannig að réttur þeirra fjarskiptafyrirtækja sem vilja kaupa aðgang að lúkningarluta leigulína af Símanum sé tryggður.

Í athugasemdum Símans kemur fram að fyrirtækið kappkosti að halda öruggum rekstri á kerfum sínum og að útföll vegna bilana séu í lágmarki. Byggist það ekki síst á því að búnaður sé af viðurkenndri gerð og uppfylli staðla. Jafnframt geri Síminn kröfu til þess að þeir starfsmenn sem vinni við kerfi Símans hafi til þess nauðsynlega menntun og hafi jafnframt fengið þjálfun til þeirra starfa.

Síminn telji umrætt ákvæði sanngjarnt og eðlilegt. Þar sé gert ráð fyrir að viðsemjendur uppfylli sambærilegar skyldur, þannig að komið sé í veg fyrir bilanir eða aðrar rekstrartruflanir sem orðið geta á fjarskiptabúnaði Símans, vegna þess að ofangreind atriði séu ekki uppfyllt hjá viðsemjanda og vísar fyrirtækið til 59 og 67. gr. fjarskiptalaga máli sínu til stuðnings.

5.4.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Að mati PFS kemur orðalag ákvæðisins ekki í veg fyrir að viðsemjandi Símans geti vísað ágreiningi sem sprottin væri um þau atriði sem nefnd eru í ákvæðinu til Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 63/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Eðlilegt verður að telja að gerð sé krafa um að fylgt sé viðurkenndum stöðlum, sbr. 59. gr. fjarskiptalaga. Krafa um tæknilega færni þeirra starfsmanna sem vinna við fjarskiptanetið á sér einnig stoð í 67. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, sem er svo hljóðandi:

“Fjarskiptafyrirtæki skulu tryggja að starfsmenn þeirra sem vinna við uppsetningu og viðhald fjarskiptavirkja hafi fengið nauðsynlega þjálfun. Fjarskiptafyrirtæki skulu upplýsa starfsmenn sína um þær skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum. Samgönguráðherra getur sett reglugerð um hæfniskröfur til þeirra sem starfa við almenn fjarskiptavirki”

Með vísun til ofangreinds telur Póst- og fjarskiptastofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við grein 2.7 í viðmiðunartilboði Símans um IP/ATM-stofnlínur um tæknilega skilmála og hæfi.

5.5 Verðmyndun kafli 3.1

IP/ATM-stofnlína er verðlögð samkvæmt viðauka 1. Verð eru háð því hvort um er að ræða IP-eða ATM-stofnlínu, bandvidd tengingarinnar og vegalengd hennar milli tveggja hnútpunkta. Ef um er að ræða meiriháttar breytingar, sem krefjast uppsetningar nýs búnaðar eða tengiskila, ber viðsemjandi auk þess stofnkostnað af búnaði, uppsetningu, og vinnu við prófun og virkjun hans, að því gefnu að ákveðið sé að fara í slíkar framkvæmdir. (Sjá einnig nánar viðauka 2. gr. 2.4).

Síminn innheimtir breytingagjöld fyrir breytingar á bandvidd sem ekki krefjast uppsetningar á nýjum búnaði eða nýrra tengiskila (sjá viðauka 1). Umrædd breytingargjöld eru fyrir skráningar og umsýslu við slíkar minniháttar breytingar.

Lágmarks binditími vegna IP/ATM-stofnlína, sem viðsemjandi pantar er 3 mánuðir, enda hafi Síminn skuldbundið sig með búnaðarkaupum og/eða örðum tilkostnaði við undirbúning tengingar, á grundvelli pöntunar viðsemjanda.

Lúkningarluti leigulína til tengingar við IP/ATM-stofnlínuhluta leigulínu, er alfarið á ábyrgð viðsemjanda og ekki hluti af viðmiðunartilboði þessu (sbr. gr. 2.2.).

5.5.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone gerir athugasemd við að verðmyndun IP stofnlína sé að hluta til ákveðin á grundvelli vegalengdar hennar á milli tveggja hnútpunkta, þar sem slíkt tíðkist ekki í smásölu (Ip-VPN point-to-point). Þá telur fyrirtækið að nauðsynlegt sé að Síminn skilgreini nánar hvaða kostnaður geti fallist undir stofnkostnað til að tryggjast sé að viðsemjandi sé ekki látinn bera kostnað sem ætti með réttu að falla á Símann.

Í athugasemdum Símans er bent á að vegalengdarháð verð hafi alla tíð tíðkast á heildsölumarkaði og að vegalengdarháð verð séu grundvöllur á hefðbundnum leigulínum hjá Mílu, en slíkar línur séu langstærsti þátturinn í rekstrarkostnaði ATM- og IP-neta.

Jafnframt vísar fyrirtækið til umsagnar sinnar með ákvæði 3.1. í viðmiðunartilboði félagsins um lúkningarluta leigulína.

5.5.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Verðskrá Símans að því er varðar lúkningarluta leigulína byggir á heildsöluverðskrá Mílu eins og fram kemur í viðmiðunartilboðinu. Að mati PFS er erfitt fyrir Símann að gefa skýrari leiðbeiningar en nú þegar koma fram í tilboðinu um hvaða kostnaður teljist til stofnkostnaðar, enda getur hann verið breytilegur eftir því hvaða viðbótarbúnaður sé nauðsynlegur í hverju tilviki fyrir sig. Með hliðsjón af því er ekki ástæða til að fallast á sjónarmið Vodafone um frekari skýringar á stofnkostnaði. Í þessu samhengi er einnig rétt að vekja athygli á 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun en telja verður að viðsemjendur Símans geti skotið hugsanlegum ágreiningi um stofnkostnað til Póst- og fjarskiptastofnunar til úrlausnar.

Að því er varðar athugasemd Vodafone um að verðmyndun á IP-stofnlínum sé að hluta til ákveðin á grundvelli vegalengdar þá fellst PFS á skýringar Símans um að á meðan hefðbundnar leigulínur eru verðlagðar af Mílu á grundvelli vegalengda sé eðlilegt að verðskrá Símans endurspegli það fyrirkomulag. PFS er hins vegar að vinna að yfirferð á kostnaðargreiningu Mílu á leigulínum fyrirtækisins. Þar sem m.a. er fyrirhuguð sú breyting að gjaldskrá Mílu verði miðuð við loftlínu á milli tveggja hnútpunkta, en ekki heildavegalengd þeirra leigulínu sem leigutaki tekur á leigu. Ef þær breytingar á gjaldskrá Mílu ganga eftir er eðlilegt að sú hugsun komi einnig fram í viðmiðunartilboð Símans, þar sem fyrirtækið byggir sín verð að einhverju leyti á heildsöluverðum Mílu, og að fyrirtækið breyti orðalagi skilmálans því til samræmis þegar þar að kemur.

5.6 Gjaldfærsla þjónustu, kafli 4.1.2

Gjaldfærsla er háð bandvidd, vegalengd og hvort um er að ræða IP- eða ATM-stofnlínu

5.6.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Vodafone er því hafnað að vegalengd eigi að ráða gjaldfærslu, sbr. sjónarmið fyrirtækisins í kafla 5.5.1.

Í svari Símans er ítrekað að vegalengdarverð hafi ávallt tíðkast á heildsölumarkaði og eru t.d. grundvöllur verðmyndunar á hefðbundnum leigulínum hjá Mílu en slíkar línur eru langstærsti þáttur í rekstrarkostnaði ATM- og IP-neta.

5.6.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Að því er varðar athugasemd Vodafone um að vegalengd eigi ekki að ráða verðmyndun IP- eða ATM-stofnlína þá fellst PFS á skýringar Símans um að á meðan hefðbundnar leigulínur eru verðlagðar af Mílu á grundvelli vegalengda að hluta sé eðlilegt að verðskrá Símans endurspegli það fyrirkomulag. Hins vegar er vísað til umfjöllunar í kafla 5.5.2 um þær breytingar sem kunna að vera gerðar á þessu fyrirkomulagi.

5.7 Gjaldfrestur, kafli 4.2.2

Reikningstímabil miðast við almanaxsmánuð og er útgáfudagur reikninga í lok þess mánaðar.

Gjalddagi reikninga er 20 dögum eftir lok reikningstímabils og eindagi að jafnaði 2. dag næsta mánaðar þar á eftir. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags.

5.7.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone bendir á að það sé ekkert sem segi að eindagi í samtengisamningi þurfi að vera sá sami og sé í almennum viðskiptaskilmálum á smásölumarkaði. Telur fyrirtækið að eðlilegra sé og skynsamlegra að eindagi reikninga vegna kaupa á heildsöluþjónustu sé nokkrum dögum eftir eindaga reikninga fyrir smásöluþjónustu.

Í athugasemdum Símans er óskum Vodafone um lengri gjaldfrest hafnað, gjaldfresturinn sé sá sami og er í öðrum viðmiðunartilboðum Símans og PFS hafi ekki þótt hann óeðlilegur, sbr. ákvörðun PFS nr. 11/2009.

5.7.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Með ákvörðun PFS nr. 11/2009 var sambærilegur skilmáli og hér er til umfjöllunar samþykktur af hálfu stofnunarinnar. Vísaði stofnunin m.a. til þess að engin ákvæði fjarskiptalaga tækju efnislega á álitamálinu og giltu því almennar kröfuréttarreglur. Þá hafi Vodafone ekki sýnt fram á að um óeðlilegan skilmála væri að ræða. Í viðmiðunartilboðum TDC í Danmörku væri t.d. miðað við að gjalddagi/eindagi sé 30 dögum eftir útgáfu reiknings.

Með vísun til ofangreinds verður ekki séð umræddur skilmáli sé á neinn hátt óeðlilegur.

5.8 Greiðsluábyrgð, kafli 4.2.3

Síminn áskilur sér rétt til að krefjast þess að viðsemjandi láti í té greiðsluábyrgð sem samræmist fjárhæð sem nemur áætluðum mánaðargjöldum fyrir lúkningarluta leigulína viðsemjanda þrjá mánuði fram í tímann. Ef ljóst er að raunnotkun verði meiri en áætluð notkun getur Síminn óskað eftir hækkun á greiðsluábyrgð til samræmis við þá notkun.

5.8.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone gerir athugasemdir við að Símanum sé veittur fortakslaus einhliða réttur til að krefja viðsemjanda sinn um greiðsluábyrgð. Að mati Vodafone ætti þessi réttur að verða virkur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum þar sem um sé að ræða mjög íþyngjandi skyldu fyrir það fjarskiptafyrirtæki sem leggja þyrfti fram greiðsluábyrgð.

Í athugasemdum Tals bendir fyrirtækið á að vafasamt sé að heimilt sé að áskilja greiðsluábyrgð. Einnig telur Tal að of mikið sé að krefjast tryggingar fyrir ígildi þriggja mánaða viðskipta fyrir ný fyrirtæki.

Í athugasemdum Símans bendir fyrirtækið á að Síminn hafi þá kvöð að bjóða tiltekna þjónustur á fjarskiptamarkaði og sinna þeim óskum sem berast um afgreiðslu þeirra. Fyrirtækið hafi ekki val eins og almennt gerist um það við hvaða aðila fyrirtækið stofnar til viðskiptasambands. Telur Síminn því í hæsta máta óeðlilegt ef fyrirtækið ætti síðan að bera alla áhættu af greiðslugetu sinna viðsemjanda.

Jafnframt vísar Síminn til ákvörðunar PFS nr. 11/2009, sbr. gr. 3.9.3, þar sem PFS felst á sambærilegt ákvæði en áskilur sér jafnframt rétt til endurskoðunar í ljósi reynslunnar af þessum skilmála.

5.8.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Eins og fram kemur í athugasemd Símans samþykkti PFS að sambærilegur skilmáli fengi að standa í viðmiðunartilboði fyrirtækisins um samtengingu talsímaneta. Í umfjöllun stofnunarinnar um þetta atriði kemur eftirfarandi fram:

Í ákvörðun PFS nr. 29/2008 á mörkuðum 8-10 er sérstaklega tiltekið að Síminn megi ekki krefja fjarskiptafyrirtæki um bankaábyrgðir nema með sérstöku leyfi PFS. Engar skýringar er þó að finna í ákvörðuninni um hvaða sjónarmið PFS áætla að leggja til grundvallar ef sú beiðni berst frá Símanum að fyrirtækið hafi í hyggju að krefja viðsemjanda sinn um bankaábyrgð.

Að mati PFS getur verið óeðlilegt af hálfu Símans að krefjast bankaábyrgðar af viðsemjendum sínum sem hafa hugsanlega verið lengi í viðskiptasambandi við fyrirtækið án þess að komið hafi til greiðslufalls eða greiðsludráttar af neinu tagi. Hins vegar verður ekki annað séð en að það sé viðtekin venja að fyrirtæki í sambærilegri stöðu og Síminn hafi í viðmiðunartilboðum sínum skilmála um greiðsluábyrgðir. Af orðalagi skilmálans má ráða að ekki er um fortakslaust skilyrði fyrir samtengisamningi á grundvelli viðmiðunartilboðsins að ræða, heldur nokkurs konar valkvætt skilyrði að ræða. Í viðmiðunartilboði TDC í Danmörku um samtengingu talsímaneta er orðalag með hliðstæðum hætti, sbr. eftirfarandi skilmáli í grein 12.2 „*Sikkerhedsstillelse Standard*“ „*TDC er til enhver tid berettiget til, efter TDC's valg, at kræve en uigenkaldelig anfordringsgaranti stillet i et af TDC anerkendt pengeinstitut eller kautionsinstitut til sikkerhed for enhver betaling eller forpligtelse i øvrigt, der påhviler Operatøren i henhold til denne aftale.*“

Með hliðsjón af ofangreindu verður ekki annað séð en að sanngjarnt sé að Síminn geti í sumum tilvikum krafist tryggingar fyrir því að viðsemjandi hans setji bankaábyrgð fyrir þeim greiðslum sem geta fallið á hann vegna samtengingarinnar, bæði þá umferðagjöldum sem og beinum kostnaði sem til getur fallið vegna samtengingarinnar. Stofnunin mun hins vegar í samræmi við niðurstöðu á greiningu á mörkuðum 8. 9. og 10 meta hvert tilvik fyrir sig ef eftir því verður leitað af hálfu þeirra fjarskiptafyrirtækja sem telja að Síminn sé að misnota þessa heimild og setja upp með beitingu þess einhverjar óeðlilegar markaðshindranir.

Stofnunin telur því rétt að svo stöddu að hin nýja grein fái að standa óbreytt en áskilur sér rétt til að endurskoða þennan skilmála í ljósi þess hvernig framkvæmd og beiting Símans á þessari heimild til töku greiðsluábyrgðar verður.

Stofnuninni er ekki kunnugt um nein þau tilvik þar sem Síminn hefur sett fram ósanngjarnar kröfur um bankaábyrgðir vegna þeirra viðskipta sem fyrirhuguð er. Í ljósi þess, sbr. einnig ofangreind umfjöllun í ákvörðun stofnunarinnar nr. 11/2009 telur PFS rétt að skilmálinn fái að standa óbreyttur í viðmiðunartilboðinu. Ef hins vegar ástæða er til að endurskoða tilvitnaðan skilmála sem og aðra sambærilega í þeim viðmiðunartilboðum sem Síminn er skyldugur til að birta er eðlilegast að það verði gert heildstætt og taki þá til allra þeirra viðmiðunartilboða þar sem sett er heimild til töku tryggingar fyrir væntanlegum viðskiptum.

5.9 Sérstakt ákvæði, kafli 8.2.2

Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða eign Símans.

5.9.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone vekur athygli á því að orðalag þessa ákvæðis sé ekki nákvæmlega eins og orðalag sama ákvæðis í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta. Gerir fyrirtækið athugasemdir við þann fortakslausu rétt sem Síminn áskilur sér til að eignast þá endurbættu og

þróðu lausn sem til verður á grundvelli hugbúnaðar sem jafnvel er í eigu viðsemjanda Símans. Telur Vodafone það bæði sanngjarnt og eðlilegt að sá samningsaðili eignist hina endurbættu og þróðu lausn, sem og hugbúnaðinn og leggur til vinnu og fjármagn við að endurbæta og þróa búnaðinn. Leggur fyrirtækið til að ákvæðið verði eins orðað og í viðmiðunartilboði um samtengingu talsímanet. Tal gerir efnislega sömu athugasemd og Vodafone.

Í athugasemdum Símans kemur fram að ekki sé líklegt að Síminn, sem sé að langmestu leyti með staðlaðan búnað frá ýmsum framleiðendum, hafi hag af því að fara í þróunarvinnu með einstökum viðsemjendum, nema því aðeins að hægt verði að nýta þá vinnu og lausnir sem tekst að þróa fyrir fleiri viðskiptavinum Símans. Jafnframt bendir Síminn á að viðsemjendum sé í sjálfsvald sett að smíða sínar lausnir án tæknileg stuðnings eða atbeina Símans kjósi þeir svo. Um þá athugasemd Vodafone að ákvæðið eigi að vera eins orðað og í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta þá taldi Síminn að sú breyting myndi draga úr líkum á því að Síminn taki þátt í slíku samstarfi þar sem nauðsynlegur hvati fyrirtækisins af samstarfinu myndi hverfa.

5.9.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta sem Vodafone vísar til í athugasemdum sínum er sambærilegt ákvæði orðað með eftirfarandi hætti:

„Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.“

Að mati PFS er mikilvægt að samræmi sé á milli hliðstæðra ákvæða í viðmiðunartilboðum Símans þannig að viðsemjendur geti treyst því að sambærilegar reglur séu í gildi í hliðstæðum tilvikum.

Þá er einnig vafasamt út frá eignarétti að Síminn geti sett þann skilmála fyrir þátttöku í hugsanlegu samstarfi við frekari þróun tæknilegra lausna, að hugbúnaður eða réttindi tengd hugbúnaði sem sannarlega var í eigu viðsemjanda Símans fyrir endurbætur verði eign Símans að þeim loknum.

Með vísun til ofangreinds telur PFS að ákvæðið eigi að orðast með eftirfarandi hætti:

„Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.“

5.10 Viðauki 1-Verðskrá fyrir IP/ATM-stofnlínur Símans

5.10.1 Um gjaldskrá fyrir IP/ATM stofnlínur

Í athugasemdum Vodafone er vikið að því að ekki sé búið að birta verðskrá fyrir IP og ATM stofnlínur. Í hinu upphaflega samráði var ekki birt verðskrá sem Síminn hafði sent inn til PFS til samþykktar. Þann 1. ágúst 2010 var hin tilkynnta verðskrá hins vegar birt á vef Símans

með þeim fyrirvara að endanleg verð, sbr. töflur í gr. 1.1.2 og gr. 1.1.3 yrðu birt þegar niðurstaða PFS á kostnaðargreiningu Símans á viðkomandi markaði lægi fyrir. Þeirri vinnu er hins vegar ekki lokið af hálfu PFS og gilda því umrædd verð þar til annað verður ákveðið, sbr. tilvitnaðan fyrirvara.

5.11 Viðauki 2, fyrirvari um bandvídd IP/ATM stofnlína, kafli 2.3.

Gerður er almennur fyrirvari um bandvídd IP/ATM-stofnlína, sem m.a. takmarkast af undirliggjandi burðargetu í stofnlínakerfi Mílu og almennum takmörkunum búnaðar í ATM- og IP-þjónustunetum Símans

Á IP/MPLS stofnlínum er ekki kostur á tryggðri bandvídd en notast verður við forgangsöröðun gagna sem tryggja IP/MPLS stofnlínum forgang fram yfir almenna umferð.

IP/ATM stofnlína er ekki með vara í því tilviki að sambandið falli niður.

5.11.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone gerir athugasemdir við þann fyrirvara að ekki sé hægt að tryggja bandvídd enda telur fyrirtækið að engar tæknilegar hindranir séu í vegi fyrir því að bandvídd sé tryggð. Telur fyrirtækið að með þessu sé Síminn að takmarka notagildi stofnlína verulega þar sem viðskiptavinir geri sífellt auknar kröfur um meiri og betri hljóð- og myndflutning. Bendir Vodafone á að í ákvörðun PFS nr. 20/2007 kafla 2 sé gengið út frá því að samskiptareglur eins og IP/ATM stofnlínur geti veitt sambærilega notkunareiginleika og hefðbundnar leigulínur (málgrein nr. 107 í viðauka A við ákvörðun PFS nr. 20/2007). Með því að takmarka þjónustu við forgang umferðar en ekki tryggingu bandvíddar sé þetta skilyrði ekki uppfyllt.

Í athugasemdum Símans við ofangreint sjónarmið Vodafone kemur eftirfarandi fram:

Síminn er ósammála þessari túlkun og telur að með IP-stofnlínum sé ekki unnt að veita tryggða bandbreidd (sambærilegt við SDH eða ATM leigulínur).

Síminn notast við forgangsöröðun (class of service) við flutning á sínum eigin þjónustum (Internet, sjónvarpsdreifing [multicast], myndveita/Vod og símaumferð [VoIP] og lágmarks tryggða bandbreidd fyrir hvern forgangsflokk á hverju sambandi, til að svelta ekki lágforgangsþjónustu ef til teppu kemur.

Þessi lágmarksbandbreidd deilist á alla umferð í viðkomandi forgangsflokki og er ekki hægt að taka frá fyrir einstaka sambönd/leigulínur. Þannig mun t.d. allt í forgangsflokki 3 njóta sambærilegrar meðhöndlunar.

ATM-netið er aftur á móti með QoS möguleika af allt öðrum og hærri kaliber en IP-netið og býður upp á 100% tryggða bandbreidd frá enda í enda og fastsetta tafa- og flöktþröskulda, sem IP-netið býður ekki upp á.

Síminn hefur ávallt talið að „IP stofnlína“ falli ekki að skilgreiningu um leigulínur hvað varðar kröfu um tileinkaða bandvídd, þar sem ekki er hægt að tryggja tileinkaða bandvídd. Síminn óskar því eftir upplýsingum frá PFS hvernig Síminn geti tryggt bandvídd fyrir leigulínu í IP kerfi Símans.

Ef PFS getur ekki bent á lausn sem tryggir tileinkaða bandvídd þá er alveg ljóst að skilgreining framkvæmdarstjórnar EB á leigulínum fellur ekki að „leigulínum“ í IP kerfi Símans.

Og þá eiga „IP stofnlínur ekki að vera hluti af leigulínuframboði á markaði 14.

5.11.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

PFS getur tekið undir með Vodafone að engar tæknilegar hindranir eru í vegi fyrir því að bandvídd sé tryggð. Ákvörðun PFS nr. 20/2007 náði yfir þáverandi framboð Símans á IP/ATM línunum og var miðað við forgangsörðun gagna sem tryggja IP/MPLS stofnlínunum forgang fram yfir almenna umferð (class of service). PFS hefur ekki í hyggju að skylda Símann til að bjóða upp á tryggða bandbreidd þegar kemur að IP/ATM línunum, enda myndi það einungis leiða til þess að gjaldskrá myndi hækka þar sem stækka þyrfti teningar verulega frá því sem nú er ef bandbreidd fyrir allar þjónustu ætti að vera tryggð. Í því sambandi er einnig rétt að líta til þess að ATM línur bjóða upp tryggða bandbreidd eins og Síminn bendir á í athugasemdum sínum. Verður því að líta svo á að í þeim tilvikum sem viðskiptavinir Símans þurfa tryggða bandbreidd þá standi hún þeim til boða í formi ATM-lína.

Hvað varðar athugasemd Símans um hvort IP stofnlínur eigi að vera hluti af leigulínuframboði Símans, þá var það niðurstaða í ákvörðun PFS nr. 20/2007, að IP/MPLS/ATM net væru staðgöngu vörur fyrir leigulínur og féllu þar af leiðandi undir sama markað, sjá nánar kafla 4.2. í ákvörðun PFS, sem og viðauka B-svör við athugasemdum.

5.12 Viðauki 2 (tækniskilmálar), fyrirvari um staðsetningu IP/ATM-hnútpunkta og tiltæka bandvídd, kafli 2.4

Viðmiðunartilboð þetta miðast við tengingu IP/ATM-stofnlína milli þeirra IP/ATM hnútpunkta sem þegar eru til staðar í kerfi Símans og að nægileg bandvídd sé jafnframt fyrir hendi.

Viðsemjandi greiðir allan kostnað vegna aukinnar bandviddar eða viðbótarbúnaðar á núverandi IP/ATM-hnútpunktum til að auka flutningsgetu milli þeirra. Stofnkostnaður vegna slíkra framkvæmda sem og aðrir nýtingarmöguleikar vegna óska viðsemjanda um breytingar, geta verið mjög mismunandi. Er stofnkostnaður því metinn sérstaklega í hverju tilviki og viðsemjanda gert tilboð í samræmi við skilgreindar óskir hans, ef ákveðið er af Símanum að fara í slíkar framkvæmdir.

5.12.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Tals kemur fram að fyrirtækið telur óeðlilegt að öllum stofnkostnaði vegna aukningar á bandbreidd viðbótarbúnaðar í hnútpunktum sé velt yfir á þann sem er að panta tengingu þegar stækkunarþörf kemur fram. Telur fyrirtækið að Símanum beri að fjármagna eðlilegan vöxt kerfisins og hann geti síðan jafnað þeim kostnaði niður á aðra notendur, þ.m.t. Símann.

Í athugasemdum Símans, segir eftirfarandi.

Eins og fram kemur í þessari grein viðmiðunartilboðsins, miðast það við tengingu IP/ATM stofnlína milli IP/ATM hnútpunkta sem þegar eru til staðar í kerfi Símans og að nægileg bandvídd sé jafnframt fyrir hendi.

Ef flutningsgeta er ekki fyrir hendi, sbr. ofanritað, en talið rétt að auka hana að ósk viðsemjanda, þá er viðsemjanda gert tilboð um greiðslu viðbótakostnaðar, sem tekur mið af aðstæðum í hverju tilviki.

Eins og tilgreint er í gr. 2.4 getur stofnkostnaður sem leiðir af ósk viðsemjanda um aukna flutningsgetu, verið mjög mismunandi eftir aðstæðum og möguleikar til samnýtingar að sama skapi.

Síminn getur ekki tekið á sig verulega fjárfestingu, sem einungis nýtist fyrir viðsemjanda um ófyrirséða framtíð, nema hann sé tilbúinn til að greiða þann stofnkostnað sem því fylgir.

Síminn gerir því viðsemjanda tilboð sem tekur mið af aðstæðum hverju sinni, en áskilur sér jafnframt rétt til að hafna beiðni um uppsetningu viðbótarbúnaðar, ef fyrirséð er að stofnkostnaður fæst ekki greiddur.

5.12.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Almennt er stofnkostnaður sem og afgreiðslugjöld ekki tekin með í þeim kostnaði sem til fellur við leigulínuna sjálfa. Enda um einskiptiskostnað að ræða sem getur verið mismunandi eftir aðstæðum. Í ljósi þess felst PFS á þær skýringar sem fram koma í svari Símans.

5.13 Viðauki 2. almennt, kafli 3.1.

5.13.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í athugasemdum Vodafone er bent á villu varðandi hver VLAN römmun eigi að vera en í viðmiðunartilboðinu er hún sögð vera 802.10 en eigi að vera 802.1q. Í svari Símans kemur fram að um innsláttarvillu hafi verið að ræða sem verði leiðrétt.

Lagt er fyrir Símann að leiðrétta villuna í næstu útgáfu.

5.14 Viðauki 3, þjónustustig Símans, pantanir, kafli 2

Viðsemjandi þarf að gera grein fyrir áætlunum sínum og óskum um tengingar, sundurgreint eftir því hvort um er að ræða IP-eða ATM-stofnlínu, bandvídd og milli hvaða hnútpunkta tengingin óskast. Gera verður ráð fyrir að uppsetning búnaðar vegna IP/ATM-stofnlína á hverjum stað taki að jafnaði 3 mánuði, frá því að skilgreind og staðfest pöntun liggur fyrir. (Sjá einnig viðmiðunartilboðið gr. 3.1).

Þegar lokið er uppsetningu búnaðar á hverjum stað er leitast við að afgreiða óskir viðsemjanda um nýttengingar innan Símans, að jafnaði innan fimm virkra daga, m.v. að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir á skilgreindu formi, sem Síminn samþykkir.

Endanlegur tengitími er auk þess háður fjöldi tenginga sem tengja skal og þjónustuviðmiðunum Mílu ehf., sem er mismunandi eftir staðsetningu á landinu.

5.14.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Vodafone gerir athugasemdir við þann tíma sem Síminn áætla að uppsetning búnaðar á hverjum stað taki en í tilboðinu er miðað við að jafnaði 3 mánuði. Að mati Vodafone væri eðlilegra að gera ráð fyrir 8 vikum að jafnaði og lengri tími væri undantekning.

Í svari Símans kemur fram að fyrirtækið telur afgreiðslufrestinn alls ekki rúman. Hafa beri í huga að Síminn liggi almennt ekki með lager af búnaði, þannig að þess megi vænta að oft þurfi að panta og kaupa búnað erlendis frá til að verða við óskum viðsemjanda. Bendir Síminn á í þessu samhengi að algengt sé að afgreiðslufrestur birgja fyrirtækisins sé um þrjár mánuðir. Þar sem búnaður er til á lager geti fyrirtækið afgreitt pantanir með styttri fyrirvara. Þá bendir Síminn á að PFS hafi eftirlit með þeim kvöðum sem á Símanum hvíla, m.a. um jafnræði og geti stofnunin kallað eftir upplýsingum um einstaka þætti eftir því sem þurfa þykir.

5.14.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

PFS tekur undir með Vodafone að svo virðist sem sá tími sem Síminn áætla að það taki að jafnaði að setja upp búnað vegna IP/ATM lína sé full langur. Erfitt er hins vegar að meta hvað teljist eðlilegur afgreiðslutími í hverju tilviki fyrir sig. Í skýringum Símans er t.d. bent á að afgreiðslufrestur byrgja sé um þrjár mánuðir og að ef búnaður er til á lager geti fyrirtækið afgreitt pantanir með styttri fyrirvara. Með hliðsjón af þessum skýringum er að mati PFS óeðlilegt að setja efri mörk afgreiðslutíma við að jafnaði þrjá mánuði enda ljóst að í

einhverjum tilvikum er hægt að afgreiða pantanir mun fyrr. PFS telur því rétt að stytta þann tíma sem það á að jafnaði að taka að setja upp búnað í 8 vikur. Eins og orðalagið ber með sér er hér um meðaltalstíma og ljóst má vera að í einhverjum tilvikum getur afgreiðslutími orðið lengri, t.d. þegar ekki er til nauðsynlegur búnaður á lager sem þarf að panta.

Skilmálinn orðast því á eftirfarandi hátt:

Viðsemjandi þarf að gera grein fyrir áætlunum sínum og óskum um tengingar, sundurgreint eftir því hvort um er að ræða IP-eða ATM-stofnlínu, bandvídd og milli hvaða hnútpunkta tengingin óskast. Gera verður ráð fyrir að uppsetning búnaðar vegna IP/ATM-stofnlína á hverjum stað taki að jafnaði 8 vikur, frá því að skilgreind og staðfest pöntun liggur fyrir, enda sé búnaður vegna tengingarinnar til á lager eða tiltækur innan þess tíma. (Sjá einnig viðmiðunartilboðið gr. 3.1).

Þegar lokið er uppsetningu búnaðar á hverjum stað er leitast við að afgreiða óskir viðsemjanda um ný tengingar innan Símans, að jafnaði innan fimm virkra daga, m.v. að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir á skilgreindu formi, sem Síminn samþykkir.

Endanlegur tengitími er auk þess háður fjölda tenginga sem tengja skal og þjónustuviðmiðunum Mílu ehf., sem er mismunandi eftir staðsetningu á landinu.

Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir þjónustusamning Símans hf., kt. 500269-6779 um leigulínur í smásölu, viðmiðunartilboð Símans, um IP/ATM stofnlínur, dags. 21. ágúst 2009, viðmiðunartilboð Símans um lúkningarluta leigulína, dags. 21. ágúst 2009. taki gildi frá og með 1. mars 2011, með þeim breytingum sem mælt eru fyrir um í viðauka við ákvörðun þessa.

Við gildistöku viðmiðunartilboðanna skal Síminn hafa lokið við að breyta þeim í samræmi við fyrirmæli Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt ákvörðun þessari og birta þau á aðgengilegan hátt á vefsíðu sinni.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 16. febrúar 2011

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson

Viðauki

Við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 3/2011

Fyrirmæli um breytingar

Póst- og fjarskiptastofnun mælir fyrir um eftirfarandi breytingar á viðmiðunartilboðum Símans um leigulínur (markaðir 13 og 14), dags. 5. nóvember 2009.

Skal Síminn uppfæra viðmiðunartilboðin í samræmi við ákvörðun þessa eigi síðar en **1. mars 2011**. Að öðru leyti skulu umrædd viðmiðunartilboð og viðaukar þess vera óbreyttir.

Breytingar á þjónustusamningi Símans um leigulínur í smásölu

Skilmáli 6 (breytingar á verðskrá)

„Komi til almennra breytinga á verðskrá þjónustusala, getur hann breytt þjónustugjaldi sínu til hækkunar með a.m.k. 30 daga skriflegum fyrirvara. Breytingar til lækkunar skulu taka gildi um leið og hinar almennu breytingar taka gildi.“

Breytingar á viðmiðunartilboði Símans um lúkningarhluta leigulína, útgáfu 1.0.

Skilmáli 1.4. (Breytingar á samningi)

„Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent viðsemjanda og Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um lúkningarhluta leigulína milli Símans og viðsemjanda hans.

Geti viðsemjandi Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreining um efni viðmiðunartilboðs um lúkningarhluta leigulína til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Síminn birtir „Viðmiðunartilboð um lúkningarhluta leigulína“ á vef sínum.“

Skilmáli 5.1.4. (Vanefndir sem teljast verulegar ef ekki eru gerðar úrbætur þrátt fyrir áskorun Símans) orðist svo:

„Viðsemjandi, sem hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, og ekki er um að ræða vanefndir sem um getur í 5.1.1. gr., hefur rétt til að bæta þar úr innan 2 vikna frests frá því að honum berst tilkynning Símans þar sem honum er gerð grein fyrir vanefndunum. Honum ber þá að grípa til slíkra úrræða strax og honum hefur borist tilkynning um vanefndirnar eða honum má vera ljóst með öðrum hætti að um vanefndir er að ræða. Bæti viðsemjandi ekki úr tilgreindum vanefndum innan hins veitta frests telst vanefndin veruleg og er Símanum þá heimilt að rifta samningnum í heild eða að hluta.“

Skilmáli 8.2.2 (Sérstakt ákvæði) orðist svo:

„Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.“

Breytingar á viðmiðunartilboði um IP/ATM-stofnlínur, útgáfa 1.0.**Skilmáli 1.4 (Breytingar á samningi), orðist svo:**

„Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent viðsemjanda og Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um IP/ATM- stofnlínur milli Símans og viðsemjanda hans.“

Geti viðsemjandi Símans ekki felld sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreining um efni viðmiðunartilboðs um lúkningarhluta leigulína til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Síminn birtir „Viðmiðunartilboð um IP/ATM-stofnlínur“ á vef sínum.“

Skilmáli 8.2.2 (Sérstakt ákvæði) orðist svo:

„Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.“

Viðauki 3, skilmáli 2 (þjónustustig Símans, pantanir) orðist svo:

Viðsemjandi þarf að gera grein fyrir áætlunum sínum og óskum um tengingar, sundurgreint eftir því hvort um er að ræða IP-eða ATM-stofnlínu, bandvídd og milli hvaða hnútpunkta tengingin óskast. Gera verður ráð fyrir að uppsetning búnaðar vegna IP/ATM-stofnlína á hverjum stað taki að jafnaði 8 vikur, frá því að skilgreind og staðfest pöntun liggur fyrir, enda sé búnaður vegna tengingarinnar til á lager eða tiltækur innan þess tíma. (Sjá einnig viðmiðunartilboðið gr. 3.1).

Þegar lokið er uppsetningu búnaðar á hverjum stað er leitast við að afgreiða óskir viðsemjanda um ný tengingar innan Símans, að jafnaði innan fimm virkra daga, m.v. að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir á skilgreindu formi, sem Síminn samþykkir.

Endanlegur tengitími er auk þess háður fjölda tenginga sem tengja skal og þjónustuviðmiðunum Mílu ehf., sem er mismunandi eftir staðsetningu á landinu.